

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

Skipstjórnarnám

**Menntamálaráðuneytið
júlí 2009**

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA – SKIPSTJÓRNARNÁM

Menntamálaráðuneytið: námskrár

Júlí 2009

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2009 Menntamálaráðuneytið

ISBN 978-9979-777-74-8

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
INNGANGUR	6
NÁM OG KENNSLA	6
INNTÖKUSKILYRÐI.....	6
SKIPULAG SKIPSTJÓRNARNÁMS.....	7
ÖRYGGISFRÆÐSLA	8
STARFSÞJÁLFUN OG SIGLINGATÍMI.....	8
GÆÐI MENNTUNAR OG SKÓLASTOFNANA - VOTTÆÐ GÆÐASTJÓRNUNARKERFI	8
NÁMSMAT	8
MAT Á FYRRA NÁMI	8
LOKAMARKMIÐ SKIPSTJÓRNARNÁMS	9
BRAUTALÝSINGAR SKIPSTJÓRNARNÁMS	10
SKIPSTJÓRNARBRAUT A (SA) 46 EIN.	10
SKIPSTJÓRNARBRAUT B (SB) 79 EIN.....	11
SKIPSTJÓRNARBRAUT C (SC) 142 EIN.....	12
SKIPSTJÓRNARBRAUT D (SD) 160 EIN.	13
SKIPSTJÓRNARBRAUT E (SE) 174 EIN.	14
SKIPSTJÓRNARNÁM S	15
ÁFANGALÝSINGAR	16
AFV112 AFLAMEÐFERÐ OG VINNSLA.....	16
AFV202 AFLAMEÐFERÐ OG VINNSLA.....	16
BÓK102 BÓKFÆRSLA.....	17
ENS321 ENSKA	18
ENS422 ENSKA	18
FJA103 FJARSKIPTI	19
FJA203 FJARSKIPTI	20
FLF103 FLUTNINGAFRÆÐI	20
HAF102 HAFFRÆÐI	21
HBF101 HEILBRIGÐISFRÆÐI	21
HBF202 HEILBRIGÐISFRÆÐI	22
HÖS102 HÖNNUN SKIPA	23
MAR123 MARKAÐSFRÆÐI.....	24
RAF103 RAFMAGNSFRÆÐI.....	24
REK103 REKSTRARFRÆÐI	25
SAL102 SAMLÍKIR	26
SAL201 SAMLÍKIR	26
SAL301 SAMLÍKIR	27
SAL401 SAMLÍKIR	28
SAL501 SAMLÍKIR	29
SIG102 SIGLINGAFRÆÐI	29
SIG203 SIGLINGAFRÆÐI	30
SIG303 SIGLINGAFRÆÐI	31
SIG322 SIGLINGAFRÆÐI	31
SIG403 SIGLINGAFRÆÐI	32
SIG502 SIGLINGAFRÆÐI	32
SIG602 SIGLINGAFRÆÐI	33
SIR102 SIGLINGAREGLUR.....	33
SIR202 SIGLINGAREGLUR.....	34
SIT112 SIGLINGA- OG FISKILEITARTÆKI	35

SIT212 SIGLINGA- OG FISKILEITARTÆKI	36
SIT313 SIGLINGA- OG FISKILEITARTÆKI	36
SJÁ 101 SJÁVARÚTVEGUR	37
SJÓ112 SJÓVINNA	37
SJÓ212 SJÓVINNA	38
SJR102 SJÓRÉTTUR	39
SJR201 SJÓRÉTTUR	40
SJR302 SJÓRÉTTUR	41
SJR403 SJÓRÉTTUR	42
SKP112 SKIPSTJÓRN	43
Sly101 SLYSAVARNIR	44
Sly201 SLYSAVARNIR	45
Sly301 SLYSAVARNIR	46
Sly402 LEIT OG BJÖRGUN	47
STJ112 STJÓRNUN	47
STJ202 STJÓRNUN	48
STJ303 STJÓRNUN	49
STJ402 STJÓRNUN	49
STL102 STÖÐUGLEIKI SKIPA.....	50
STL213 STÖÐUGLEIKI SKIPA.....	51
STL302 STÖÐUGLEIKI OG HLEDsla SKIPA.....	52
STL413 STÖÐUGLEIKI OG HLEDsla SKIPA.....	53
STL504 STÖÐUGLEIKI OG LESTUN SKIPA	53
STÆ423 STÆRÐFRÆÐI	54
UTN103 NOTKUN UPPLÝSINGA OG TÖLVA Í NÁMI	54
TÖL202 TÖLVUFRÆÐI	55
UMF102 UMHVERFISFRÆÐI	56
VEÐ102 VEÐURFRÆÐI	57
VEÐ202 VEÐURFRÆÐI	57
VET102 VEIÐITÆKNI.....	58
VIÐ102 VIÐHALDSSTJÓRNUN	59
VOP102 VOPN OG VERJUR	59
VST103 VÉLSTJÓRN	60
VST204 VÉLSTJÓRN	61
VIÐAUKI I. SMÁSKIPANÁM	62
ÁFANGALÝSINGAR	62
NÁMSKEIÐ	64
VIÐAUKI II. LISTI YFIR ÁFANGA SEM KENNA ÞARF EFTIR ALÞJÓÐASAMÞYKKTINNI STCW	69

FORMÁLI

Í þessari námskrá er lýst markmiðum og skipulagi skipstjórnarnáms með tilliti til þeirra atvinnuréttinda sem námið veitir.

Námskráin tekur mið af ákvæðum laga nr. 30/2007, um áhafnir fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, laga nr. 76/2001, um áhafnir farþega- og flutningaskipa, og ákvæðum gildandi reglugerða settum samkvæmt þessum lögum¹. Námskráin byggir á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu, svonefndrar STCW² samþykktar.

Námið veitir, að uppfylltum skilyrðum um starfsþjálfun, siglingatíma, öryggisfræðslu, aldur og heilbrigði, réttindi til starfa um borð í skipum sem skipstjórnarmaður. Námskráin gerir ráð fyrir því að nemendur öðlist jafnframt viðeigandi menntun og þjálfun til að sinna rekstri og stjórn útgerðar í landi.

Í inngangsköflum hér á eftir er fjallað almennt um nám og störf skipstjórnarmanna og gerð grein fyrir markmiðum námsins, megináherslum, uppbyggingu, skipulagi og námsmati.

Þekkingar- og hæfnikröfur sérnáms eru útfærðar nánar í einstökum námsáföngum, en í viðauka II eru skilgreindar nánar þær kröfur sem gera þarf um nám í einstökum áföngum til að framfylgja ákvæðum STCW samþykktarinnar.

Áfangalýsingar í almennum greinum er að finna í viðkomandi greinahlutum aðalnámskrár framhaldsskóla, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/3965>.

Menntamálaráðherra hefur staðfest gildistöku námskrárinnar með birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum.

¹ Sjá reglugerð nr. 416/2003, um áhafnir farþega- og flutningaskipa, og reglugerð nr 175/2008 ásamt breytingum, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, skemmtibáta, varðskipa og annarra skipa.

² International Convention on Standards of Training and Watchkeeping for Seafarers.

INNGANGUR

Þessi námskrá lýsir innihaldi, skipulagi og markmiðum náms á námsbrautum skipstjórnarmanna. Skipstjórnarnám samkvæmt þessari námskrá veitir nemendum, að uppfylltum skilyrðum, réttindi til starfa á hvers konar skipum.

Skipstjóri fer með æðsta vald um borð í skipi. Um valdsvið og ábyrgð skipstjóra er fjallað í siglingalögum og sjómannaalögum. Yfirstýrimaður er staðgengill skipstjóra og fer með yfirstjórn skips í forföllum hans. Skipstjóri skal sjá um að skip hans sé öruggt, að gengið sé tryggilega frá farmi og að öryggi allra þeirra sem um borð eru, áhafnar og farþega, sé tryggt. Skipstjóri sér auk þess um að skip sé rétt búið tækjum, búnaði, vistum og varahlutum vegna fyrirhugaðrar siglingar. Skipstjóri tryggir að reglum um hledslu og stöðugleika sé fullnægt og að gengið sé frá farmi með þeim hætti að hann geti ekki kastast til eða skemmst meðan á ferð skipsins stendur. Skipstjóri setur menn til þeirra starfa sem þeir eru ráðnir til og mælir fyrir um verklag og aðgerðir við afbrigðilegar aðstæður og í neyð.

Þeir sem öðlast alþjóðleg atvinnuréttindi hafa með því öðlast heimild til þess að gegna þeirri stöðu sem þeir hafa réttindi til á skipum án tillits til gerðar skips, þess hvar skipið er skráð sem og þess hafsvæðis sem skipið er í förum um. Til þess að öðlast heimild til að gegna þeirri stöðu þarf þó samþykki fánaríkis skipsins.

Umsækjandi um alþjóðleg skipstjórnarréttindi þarf að hafa lokið viðurkenndu námi sem fullnægir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu, svonefndrar STCW-samþykktar³. Í alþjóðasamþykktinni er tilgreind sú menntun sem krafist er til þess að fá að gegna eftirtöldum stöðum:

STCW II/1: Undirstýrimaður.

Veitir réttindi til að gegna stöðu undirstýrimanns á hvaða skipi sem er, án takmarkana að því er varðar gerð og stærð skipa, að uppfylltum öðrum skilyrðum samþykktarinnar.

STCW II/2: Skipstjóri og yfirstýrimaður.

Veitir réttindi til að gegna stöðu skipstjóra og yfirstýrimanns á hvaða skipi sem er, án takmarkana að því er varðar gerð og stærð skipa, að uppfylltum öðrum skilyrðum samþykktarinnar.

STCW II/3 Skipstjóri og stýrimaður.

Veitir réttindi til að gegna stöðu skipstjóra og stýrimanns á skipum sem eru minni en 500 brúttótonn að uppfylltum öðrum skilyrðum samþykktarinnar.

NÁM OG KENNSLA

Inntökuskilyrði

Um skilyrði til innritunar á námsbrautir skipstjórnarnáms gilda almenn ákvæði gildandi reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla. Þó er gert ráð fyrir að umsækjendur um skipstjórnarnám A (<24 m skiptjórnarréttindi) hafi náð 18 ára aldri við innritun. Ekki er gerð krafa um sérstök inntökuskilyrði í nám til skipstjórnarréttinda á skip sem eru styttri en 12 metrar að skráningarlengd.

³ International Convention on Standards of Training and Watchkeeping for Seafarers.

Skipulag skipstjórnarnáms

Skipstjórnarnám skiptist í meginatriðum í fimm námsstig sem að námi loknu veitir hvert um sig, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt til að fá útgefið skírteini til starfa sem skipstjórnarmaður. Þessi námsstig, að því er varðar störf á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, eru:


- S: (<12 m) Nám til réttinda til að gegna stöðu skipstjóra og stýrimanns á skipum sem eru styttri en 12 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum.
- A: (<24 m). Nám til réttinda til að gegna stöðu skipstjóra eða stýrimanns á skipum sem eru styttri en 24 metrar að skráningarlengd og stöðu undirstýrimanns á skipum að 45 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum.
- B: (<45 m). Nám til réttinda til að gegna stöðu skipstjóra/yfirstýrimanns á skipum sem eru 45 metrar að skráningarlengd eða minni í innanlandssiglingum og undirstýrimanns á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.
- C: Nám til ótakmarkaðra skipstjórnarréttinda á fiskiskipum og öðrum skipum með ótakmarkað farsviði.
- E: Nám til að gegna stöðu skipherra á varðskipi. (Krafist er náms til skipstjórnarréttinda D til þess að geta hafið nám á skipstjórnabraut E.)

Að því er varðar störf á farþega- og flutningaskipum eru réttindastigin:

- B: Skipstjóri og stýrimaður á skipi minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum, STCW II/3.
- C: Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipi minna en 3000 brúttótonn, STCW II/2(b), og undirstýrimaður án takmarkana í gerð og stærð skips, STCW II/1.
- D: Nám til ótakmarkaðra skipstjórnarréttinda STCW II/2(a).

Námið er skipulagt sem samfelld nám frá grunnskólaprófi til fyllstu skipstjórnarréttinda. Ekki er gerð krafa um að nemandi hafi lokið lægra námsstigi til þess að öðlast rétt til að hefja nám á næsta námsstigi að teknu tilliti til reglna um undanfara og hliðfara í námi.

Hefðbundin stígangi í námi til skipstjórnar samkvæmt námskrá og alþjóðareglugerð STCW er svofelld.



Öryggisfræðsla

Allir nemendur í skipstjórnarnámi skulu ljúka grunnnámskeiði í öryggisfræðslu í samræmi við ákvæði laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Þeir sem sækjast eftir réttindum til starfa á farþega- og flutningaskipum skulu enn fremur hafa lokið námi í öryggisfræðslu á sviði eldvarna og björgunartækja og námskeiði í hóp- og neyðarstjórnun til starfa á farþegaskipum eins og mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Skipstjórnarnemum skal á námstímanum standa til boða námskeið í öryggisfræðslu sem krafist er á viðkomandi réttindastigi.

Starfsþjálfun og siglingatími

Til þess að fá útgefið atvinnuskírteini til starfa á skipum skal nemandi eftir atvikum hafa lokið siglingatíma og/eða viðurkenndri starfsþjálfun sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa, og í lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa og annarra skipa.

Gæði menntunar og skólastofnana - vottað gæðastjórnunarkerfi

Nám, samkvæmt þessari námskrá, sem leiðir til alþjóðlegra skipstjórnarréttinda, skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu, STCW, um að skólastofnun, sem ber ábyrgð á náminu, vinni samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi.

NÁMSMAT

Tilgangur námsmats er m.a. að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér markmið viðkomandi áfanga og því mikilvægt að kanna þekkingu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Í kennslunni eru margir möguleikar á því að kanna og meta námsárangur og afkastagetu nemenda og mikilvægt er að kennarar beiti sem fjölbreyttustum aðferðum við námsmat. Dæmi um möguleika á útfærslu námsmats eru ýmis verkefni sem unnin eru í kennslustundum eða sem heimavinna. Einnig má nefna hefðbundin próf, skrifleg og verkleg. Fjallað er um námsmat í skólanámskrá og í kennsluáætlunum er nánar tiltekið hvernig námsmati skuli hagað í einstökum áföngum.

Mat á fyrra námi

Um mat á fyrra námi nemenda, formlegu og óformlegu, gilda ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla, almenns hluta.

LOKAMARKMIÐ SKIPSTJÓRNARNÁMS

Meginmarkmið náms á skipstjórnarbrautum er að veita nemendum nauðsynlega þekkingu, færni og hæfni svo þeir geti, eftir tilskilda þjálfun og reynslu á vettvangi, haft með höndum örugga stjórn á skipi við allar fyrirsjáanlegar umhverfisaðstæður.

Að loknu námi á nemandi að

- þekkja þau störf og það starfsumhverfi innan starfsgreinarinnar sem hann hefur réttindi til að gegna
- hafa öðlast nægilega þekkingu á siglingafræði, hönnun og öryggi skipa, siglingatækjum og siglingareglum svo að hann geti lestað skip og siglt því með öruggum hætti milli áfangastaða án þess að öryggi skips eða þeirra sem um borð eru sé stefnt í hættu
- hafa öðlast faglega þekkingu og skilning á hlutverki, uppbyggingu, getu og virkni þess skipsbúnaðar sem gera má ráð fyrir að sé að finna í skipum af þeirri stærð og gerð sem hann hefur öðlast réttindi til að starfa á
- þekkja takmarkanir skips þess sem hann hefur verið settur til að stjórna, geta hagað hleðslu þess og stöðugleika með þeim hætti að öryggi þess verði ekki stefnt í vöða, geta hagað siglingu skipsins þannig að hvorki það eða farmur þess verði fyrir tjóni og tryggja jafnframt öryggi þeirra sem um borð eru eftir því sem aðstæður krefja
- þekkja búnað skipsins, notkunarmöguleika hans og takmarkanir og gæta þess að leggja ekki meira á skipið eða búnað en hönnun þess gerir ráð fyrir
- þekkja þau lög og reglur sem gilda um skip og rekstur þeirra, þar með talið lög og reglur um skyldur skipstjóra og þeirra sem standa vaktir á stjórnþalli
- þekkja reglur sem gilda um mengunarvarnir og tryggja með viðeigandi ráðstöfunum að ákvæðum þeirra sé fullnægt
- geta beitt viðeigandi ráðstöfunum þegar hættuástand skapast og geta brugðist skjótt og rétt við þegar skip tekur niðri, strandar eða lendir í árekstri við önnur skip
- þekkja vél- og rafbúnað skips svo vel að hann geri sér grein fyrir áhrifum þess ef einhver vél- eða rafbúnaður verður óstarfhæfur
- geta lesið og skilið teikningar af skipinu og skipkerfum, verklýsingar og önnur gögn, svo sem leiðbeiningar framleiðanda búnaðar og tækja um notkun þeirra, þjónustu við þau og daglega umsjón
- þekkja helstu efni sem unnið er með um borð í skipum
- þekkja til þeirra varahluta sem ástæða er til þess að hafa tiltæka til að tryggja öruggan rekstur skipa og véla
- þekkja og geta notað algengustu áhöld og tæki til viðhalds og viðgerða
- gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta og samvinnu á vinnustað
- kunna skil á björgunar- og öryggistækjum skipsins svo og öryggisráðstöfunum sem viðhafa skal við afbrigðilegar aðstæður
- geta laðað fram góðan starfsanda, beitt jákvæðum stjórnunaraðferðum og tryggt velferð allra þeirra sem um borð eru.

BRAUTALÝSINGAR SKIPSTJÓRNARNÁMS**Skipstjórnarbraut A (SA)****46 ein.****<24 m réttindi**

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, færni og hæfni sem krafist er til skipstjórnarréttinda á skipum styttri en 24 metrar. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun.

Almennar greinar			3 ein.
Upplýsingatækni	UTN103	3 ein.	

Sérgreinar			43 ein.
------------	--	--	---------

Aflameðferð og vinnsla	AFV112	2 ein.
Fjarskipti	FJA103	3 ein.
Haffræði	HAF102	2 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF101	1 ein.
Hönnun skipa	HÖS102	2 ein.
Siglingafræði	SIG102 203	5 ein.
Siglingahermir	SAL102 201	3 ein.
Siglingareglur	SIR102	2 ein.
Siglingatæki	SIT112 212	4 ein.
Sjávarútvegur	SJÁ101	1 ein.
Sjóréttur	SJR102	2 ein.
Sjóvinna	SJÓ102	2 ein.
Skipstjórn	SKP112	2 ein.
Slysavarnir	SLY101	1 ein.
Stöðugleiki	STL102 213	5 ein.
Umhverfisfræði	UMH102	2 ein.
Veðurfræði	VEÐ102	2 ein.
Veiðitækni	VET102	2 ein.

Skipstjórnarbraut B (SB)**79 ein.****< 45 m réttindi, STCW II/3-réttindi**

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, færni og hæfni sem krafist er til skipstjórnarréttinda á fiskiskipum styttri en 45 metrar í innanlandssiglingum og á flutninga- og farþegaskipum að 500 BT í strandsiglingum. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma, starfsþjálfun og öryggisfræðslu⁴. Meðalnámstími í skóla er fjórar annir.

Almennar greinar			24 ein.
Danska ⁵	DAN102	2 ein.	
Enska	ENS102 202	4 ein.	
Íslenska	ÍSL102 202 212	6 ein.	
Náttúruvísindi	NÁT123	3 ein.	
Stærðfræði	STÆ102 122 202	6 ein.	
Upplýsingatækni	UTN103	3 ein.	
Sérgreinar			55 ein.
Aflameðferð og vinnsla	AFV112	2 ein.	
Fjarskipti	FJA103	3 ein.	
Haffræði	HAF102	2 ein.	
Heilbrigðisfræði	HBF101	1 ein.	
Hönnun skipa	HÖS102	2 ein.	
Rafmagnsfræði	RAF103	3 ein.	
Siglingafræði	SIG102 203	5 ein.	
Siglingahermir	SAL102 201	3 ein.	
Siglingareglur	SIR102	2 ein.	
Siglingatæki	SIT112 212	4 ein.	
Sjávarútvegur	SJÁ101	1 ein.	
Sjóréttur	SJR102	2 ein.	
Sjóvinna	SJÓ102 202	4 ein.	
Skipstjórn	SKP112	2 ein.	
Slysavarnir	SLY101	1 ein.	
Stjórnun	STJ112	2 ein.	
Stöðugleiki	STL102 213 302	7 ein.	
Umhverfisfræði	UMH102	2 ein.	
Veðurfræði	VEÐ102	2 ein.	
Veiðitækni	VET102	2 ein.	
Vélstjórn	VST103	3 ein.	

⁴ Þeir sem vilja öðlast alþjóðleg skipstjórnarréttindi þurfa að auki að ljúka námi í áföngum SLY201 og SLY301.

⁵ Norska eða sænska

Skipstjórnarbraut C (SC)**142 ein.****Ótakmörkuð réttindi á fiskiskip. STCW II/1- og STCW II/2(b)-réttindi**

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, færni og hæfni sem krafist er til skipstjórnarréttinda á fiskiskip að ótakmarkaðri stærð og farsviði og flutninga- og farþegaskip að 3000 BT. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma, starfsþjálfun og öryggisfræðslu. Meðalnámstími í skóla er sjö annir.

Almennar greinar			49 ein.
Bókfærsla	BÓK102	2 ein.	
Danska ⁶	DAN102 202	4 ein.	
Efnafræði	EFN103	3 ein.	
Enska	ENS102 202 212 321 303	10 ein.	
Íslenska	ÍSL102 202 212 313	9 ein.	
Markaðsfræði	MAR123	3 ein.	
Náttúruvísindi	NÁT103 123	6 ein.	
Stærðfræði	STÆ102 122 202 303	9 ein.	
Upplýsingatækni	UTN103	3 ein.	
Sérgreinar			91 ein.
Aflameðferð og vinnsla	AFV112 202	4 ein.	
Fjarskipti	FJA103 203	6 ein.	
Haffræði	HAF102	2 ein.	
Heilbrigðisfræði	HBF101 202	3 ein.	
Hönnun skipa	HÖS102	2 ein.	
Rafmagnsfræði	RAF103	3 ein.	
Siglingafræði	SIG102 203 303 322 403	13 ein.	
Siglingahermir	SAL102 201 301 401	5 ein.	
Siglingareglur	SIR102 202	4 ein.	
Siglingatæki	SIT112 212 313	7 ein.	
Sjávarútvegur	SJÁ101	1 ein.	
Sjóréttur	SJR102 201	3 ein.	
Sjóvinna	SJÓ102 202	4 ein.	
Skipstjórn	SKP112	2 ein.	
Slysavarnir	SLY101	1 ein.	
Stjórnun	STJ112 202	4 ein.	
Stöðugleiki	STL102 213 302 413	10 ein.	
Umhverfisfræði	UMH102	2 ein.	
Veðurfræði	VEÐ102 202	4 ein.	
Veiðitækni	VET102	2 ein.	
Vélstjórn	VST103 204	7 ein.	
Viðhaldsstjórnun	VIÐ102	2 ein.	

⁶ Norska eða sænska

Skipstjórnarbraut D (SD)**160 ein.****Ótakmörkuð alþjóðleg réttindi STCW II/2**

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, færni og hæfni sem krafist er til skipstjórnarréttinda á flutninga- og farþegaskipum af ótakmarkaðri stærð með ótakmarkað farsvið. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma, starfsþjálfun og öryggisfræðslu. Meðalnámstími í skóla er átta annir.

Almennar greinar			55 ein.
Bókfærsla	BÓK102	2 ein.	
Danska ⁷	DAN102 202	4 ein.	
Efnafræði	EFN103	3 ein.	
Enska	ENS102 202 212 321 303	10 ein.	
Íslenska	ÍSL102 202 212 313	9 ein.	
Markaðsfræði	MAR123	3 ein.	
Náttúruvísindi	NÁT103 123	6 ein.	
Rekstrarhagfræði	REK103	3 ein.	
Stærðfræði	STÆ102 122 202 303 403	12 ein.	
Upplýsingatækni	UTN103	3 ein.	
Sérgreinar			105 ein.
Aflameðferð og vinnsla	AFV112 202	4 ein.	
Fjarskipti	FJA103 203	6 ein.	
Flutningafræði	FLF103	3 ein.	
Haffræði	HAF102	2 ein.	
Heilbrigðisfræði	HBF101 202	3 ein.	
Hönnun skipa	HÖS102	2 ein.	
Rafmagnsfræði	RAF103	3 ein.	
Siglingafræði	SIG102 203 303 322 403 502	15 ein.	
Siglingahermir	SAL102 201 301 401 501	6 ein.	
Siglingareglur	SIR102 202	4 ein.	
Siglingatækni	SIT112 212 313	7 ein.	
Sjávarútvegur	SJÁ101	1 ein.	
Sjóréttur	SJR102 201 302	5 ein.	
Sjóvinna	SJÓ102 202	4 ein.	
Skipstjórn	SKP112	2 ein.	
Slysavarnir	SLY101	1 ein.	
Stjórnun	STJ112 202 302	6 ein.	
Stöðugleiki	STL102 213 302 413 504	14 ein.	
Umhverfisfræði	UMH102	2 ein.	
Veðurfræði	VEÐ102 202	4 ein.	
Veiðitækni	VET102	2 ein.	
Vélstjórn	VST103 204	7 ein.	
Viðhaldsstjórnun	VIÐ102	2 ein.	

⁷ Norska eða sænska

Skipstjórnarbraut E (SE)**178 ein.****Skipherraréttindi**

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu, færni og hæfni sem krafist er til skipstjórnar réttinda á varðskipum íslenska ríkisins. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma, starfsþjálfun og öryggisfræðslu. Meðalnámstími í skóla er níu annir.

Almennar greinar		59 ein.
Bókfærsla	BÓK102	2 ein.
Danska ⁸	DAN102 202	4 ein.
Efnafræði	EFN103	3 ein.
Enska	ENS102 202 212 321 303 422	12 ein.
Íslenska	ÍSL102 202 212 313	9 ein.
Markaðsfræði	MAR123	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT103 123	6 ein.
Stærðfræði	STÆ102 122 202 303 403 423	15 ein.
Upplýsingatækni	UTN103 202	5 ein.
Sérgreinar		119 ein.
Aflameðferð og vinnsla	AFV112 202	4 ein.
Fjarskipti	FJA103 203	6 ein.
Flutningafræði	FLF103	3 ein.
Haffræði	HAF102	2 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF101 202	3 ein.
Hönnun skipa	HÖS102	2 ein.
Rafmagnsfræði	RAF103	3 ein.
Rekstrarhagfræði	REK103	3 ein.
Siglingafræði	SIG102 203 303 322 403 502 602	17 ein.
Siglingahermir	SAL102 201 301 401 501	6 ein.
Siglingareglur	SIR102 202	4 ein.
Siglingatæki	SIT112 212 313	7 ein.
Sjávarútvegur	SJÁ101	1 ein.
Sjóréttur	SJR 102 201 302 403	8 ein.
Sjóvinna	SJÓ102 202	4 ein.
Skipstjórn	SKP112	2 ein.
Slysavarnir	SLY101 402	3 ein.
Stjórnun	STJ112 202 302 402	8 ein.
Stöðugleiki	STL102 213 302 413 504	14 ein.
Umhverfisfræði	UMH102	2 ein.
Veðurfræði	VEÐ102 202	4 ein.
Veiðitækni	VET102	2 ein.
Vélstjórn	VST103 204	7 ein.
Viðhaldsstjórnun	VIÐ102	2 ein.
Vopn og verjur	VOP102	2 ein.

⁸ Norska eða sænska

Skipstjórnarnám **S**

<12 m próf (smáskipapróf)

Markmið námsins er að mennta þá sem hyggjast afla sér réttinda til skipstjórnar á skipum styttri en 12 metrar. Um er að ræða tvo áfangar samkvæmt aðalnámskrá auk styttri námskeiða, samanber neðangreint.

Áfangar samkvæmt aðalnámskrá

Siglingafræði og samlíkir	SIG102	2 ein.
Slysavarnir	SLY101	1 ein.

Námskeið

Siglingareglur og sjóréttur
 Siglingatæki og fjarskipti
 Skipahönnun og vélfræði
 Stöðugleiki og skipstjórn
 Veðurfræði og umhverfisvernd

Lýsingu á áföngum og einstökum námskeiðum er að finna í viðauka I.

Nánar er kveðið á um tilhögun námsins í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

ÁFANGALÝSINGAR

AFV112 Aflameðferð og vinnsla

Áfangalýsing

Í áfanganum á nemandinn að öðlast þekkingu og skilning á aðferðum sem tryggja rétta meðhöndlun afla með tilliti til gæða og verðmætis. Einnig á nemandinn að þekkja vinnsluáðferðir, gæðamat á fiski og fiskafurðum, öðlast skilning á verðmætaaukningu hráefnis með tilliti til mismunandi vinnsluáðferða og mismunandi markaða fyrir fiskafurðir. Fylgt er ferli hráefnis frá veiðum til fullunninnar vöru og bent á nauðsyn þess að hvergi megi víkja frá kröfum um aðgerðir og áðferðir sem tryggja sem best gæði vörunnar.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu aðferðir við geymslu á fiski og hráefni í fiskiskipum
- helstu aðferðir við vinnslu á fiski og hráefni, bæði á sjó og í landi
- hvernig varðveita megi gæði hráefnis með góðri og réttri meðhöndlun
- niðurbrotsferli sem hefst þegar fiskur kemur um borð og geti gert grein fyrir áhrifum umhverfisþátta, s.s. hitastigs, á hraða niðurbrotsferlisins
- ferli það sem tekur við þegar fiskur berst um borð og þar til honum hefur verið komið fyrir í lest
- blóðgun og slægingu fisks sem lið í því að varðveita gæði hráefnis og hvernig blóðgun og slægingu skuli hagað til að tryggja sem best gæði og bestan ávinning
- meðhöndlun afla með tilliti til fisktegundar og geymslutíma um borð
- helstu aðferðir við að kæla niður afla og hráefni til geymslu og hvernig það skuli gert
- hvernig meta skuli íspörf miðað við magn hráefnis og geymslutíma
- þá þætti sem huga skal að við frágang fisks til geymslu um borð í skipi
- gildi og nauðsyn hreinlætis og þrifa við meðferð og vinnslu afla um borð í skipum
- hvernig þrifa skuli skip, búnað og tæki í veiðiferð og í lok veiðiferðar
- efni, tæki og aðferðir sem notuð eru til þrifa í skipum og búnaði
- aðferðir við gæðamat og reglur sem um það gilda
- reglur um framkvæmd eftirlits með hreinlæti og hollustuháttum um borð í skipum

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt vetrarstarfi.

AFV202 Aflameðferð og vinnsla

Undanfari AFV112

Áfangalýsing

Nemandinn á að öðlast þekkingu á þjóðlegum og alþjóðlegum reglum sem gilda um hinar ýmsu vinnsluáðferðir sjávarfangs, þ.m.t. reglum um vinnslu, geymslu, útflutning og markaði íslenskra sjávarafurða. Nemendur skulu kynna helstu aðferðum við vinnslu á afla um borð í ísfisksskipum, vinnsluskipum, frystiskipum og landvinnslum. Að loknu námi í þessum áfanga á nemandinn að geta stjórnað og borið ábyrgð á vinnsluferli jafnt um borð í skipum sem í landvinnslum.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- mismunandi vinnsluáðferðir sjávarfangs um borð í ísfisksskipum, vinnsluskipum, frystiskipum og landvinnslum
- gæða- og þrifakröfur sem gerðar eru til skipa og um meðferð afla um borð í skipum
- helstu markaði fyrir íslenskt sjávarfang og íslenskar fiskafurðir

- gerð og uppbyggingu þrífnaðaráætlunar fyrir hinar ýmsu vinnsluaðferðir sem og tækjabúnað, hvort heldur er um borð í skipum eða í fiskvinnslufyrirtækjum í landi
- grundvallaratriði við hönnun vinnslulína að því er varðar öryggi og þrífnað
- mismunandi efni sem notuð eru til þrifa í fiskvinnslum
- aðferðir við útreikning á þurrefnisinnihaldi og fituprósentu uppsjávarfiskitegunda
- þjóðlegar og alþjóðlegar reglur um vinnslu og geymslu á sjávarafurðum
- HACCP-gæðakerfið og reglurnar sjö sem snúa að HACCP
- þau skjöl Fiskistofu sem lúta að meðferð afla og vinnslu og hvernig þau skulu fyllt út
- og geti fyllt út samantektarbækur, nýtingarskýrslur og tilkynningar til löndunarhafna sem Fiskistofa gefur út
- og geti reiknað út þurrefnisinnihald og fituprósentu uppsjávarfiskitegunda
- og geti stjórnað og borið ábyrgð á vinnsluferli jafnt um borð í skipum sem og í landsvinnslu

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

BÓK102 Bókfærsla

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökín eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Nemendum er gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og kynnt helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grundvallarhugtök tvíhliða bókhalds
- geti hafið bókhald með hliðsjón af fyrirbyggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis
- geti fært einfaldar dagbókarfærslur
- geti stillt upp prófjöfnuði
- geti afritað í viðskiptamannabók samkvæmt skuldunauta- og lánardrottnafærslum í dagbókinni
- geti fært niðurstöður dagbókar í aðalbók
- geti gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil
- geti gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrir fram og ógreiddan kostnað og fleira
- geti gert upp virðisaukaskatt og læri að nota uppgjörgögn þar að lútandi
- sé fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna

Efnisatriði

Grunnhugtök bókfærslu, debet, kredit, eignir, skuldir, gjöld og tekjur, bókhaldshringrás, tvíhliða bókhald, bókhaldsreikningar, dagbók, aðalbók/höfuðbók, viðskiptamannabók, launabókhald, reikningsjöfnuður, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, FOB- og CIF-skilmálar, bókhaldslög, virðisaukaskattslög, fylgiskjöl, millifærslur, athugasemdir, lokafærslur, álagning, víxlar, vextir, afskriftir, söluhagnaður/tap eigna.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggist á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem meðal annars getur falist í skyndiprófum, verkefnum, mati á ástundun og virkni. Mikilvægt er að kanna þekkingu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann.

ENS321 Enska

Undanfari: ENS212

Áfangalýsing

Að loknu námi í áfanganum á nemandinn að hafa öðlast staðgóðan orðaforða í ensku sjómanna máli með lestri texta um siglingar og sjómennsku. Farið er yfir bók (**Wavelength**) um notkun hins staðlaða alþjóðlega enska sjómanna máls (IMO) varðandi talstöðvafjarskipti á sjó. Í tengslum við **Wavelength** er notaður hinn staðlaði enski orðaforði IMO (**Standard Marine Navigational Vocabulary**) um fjarskipti til sjós. Þá eru lesnir textar um fiskveiðar, siglingar og sjómennsku og lögð megináhersla á notkun orða og hugtaka sem tengjast ensku sjómanna máli. Einnig er farið í texta varðandi sjókort og veðurfræðilegar upplýsingar fyrir skip. Skrifaðir eru enskir stílar í skýrsluformi um siglingar og sjómennsku.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skilið og tjáð sig í fjarskiptum gegnum talstöð við önnur skip og strandstöðvar
- geti notað staðla um enskt málkerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um fjarskipti á sjó
- geti notað kort og önnur siglingarit á ensku
- geti skilið veðurfræðilegar upplýsingar og skeyti á ensku varðandi öryggi skipsins og starfsemi
- geti skrifað greinargerðir/skýrslur um sjóferðir

Námsmat

Munnlegt próf (40%) og skriflegt próf (60%). Getur einnig byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

ENS422 Enska

Undanfari: ENS303

Áfangalýsing:

Námi í þessum áfanga er ætlað að efla hæfni nemenda í rituðu og mæltu máli með sérstaka áherslu á málnotkun á sviði tækni og vísinda. Lögð er áhersla á aukna skriflega og munnlega þjálfun auk hlustunaræfinga í tengslum við námsefnið og úr öðru efni. Í lok áfangans skrifa nemendur heimildaritgerð á ensku um efni sem valið er í samráði við kennara og tengist íslenskri tækni- eða atvinnusögu.

Áfangamarkmið

Nemandi geti

- lesið sérhæfða texta og skrifað stuttar greinargerðir um tæknileg viðfangsefni, svo sem skoðunar- og eftirlitsskýrslur á ensku
- fyrirhafnarlítið tjáð sig munnlega um efni sem kennt er í áfanganum og um efni sem snýr að skipstjórnar- og eftirlitsstörfum og látið í ljós skoðanir sínar og sjónarmið með skipulögðum hætti
- skrifað heimildaritgerð á ensku
- hlustað á og skilið alla venjulega ensku við ýmsar aðstæður, m.a. í kvikmyndum, sjónvarpi og útvarpi

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

FJA103 Fjarskipti

Undanfari: SIT112

Áfangalýsing

Í þessum áfanga á nemandi að fá undirstöðuþekkingu á sviði fjarskipta. Kynntur er fjarskiptabúnaður skipa og notkun hans. Nemandi skal öðlast nægilega haldgóða þekkingu og færni í fjarskiptum og notkun fjarskiptabúnaðar til þess að hann geti sinnt störfum fjarskiptamanns með takmarkað fjarskiptamannsskírteini (ROC). Hann skal og geta annast nauðsynlegt viðhald fjarskiptabúnaðar um borð í skipum. Æfa skal alþjóðastafrófið í skeytasendingum, setja upp og senda neyðar-, medico-, háska-, öryggis- og veðurskeyti á MF- og VHF-talstöðvar. Nemandi fær þjálfun í að færa radiódagbók og nota gjaldskrá.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- alþjóðastafróf fyrir talviðskipti
- heiti einstakra hluta og skammstafanir þeirra á íslensku og ensku
- reglugerðir sem gilda um fjarskipti og fjarskiptabúnað í skipum
- GMDSS kerfið
- tegundir og tákn útgeislana
- útbreiðslu og notkun tíðna
- hvað þagnartímabil og þagnarskylda eru
- vald skipstjóra sem „stöðvarstjóra“
- greiðslukóða íslenskra skipa og hvað táknið IS-01 þýðir
- þýðingu leyfisbréfs, skoðunar- og öryggisvottorðs
- tilgang og notkun stafræns valkalls (DSC)
- tilgang rásar 70 VHF- DSC
- NAVTEX-kerfið, hlutverk þess og uppbyggingu
- hvaða þýðingu kallmerki og MMSI-númer hafa
- hvernig undirskrift er staðfest
- hvað viðskiptalisti er
- boðleiðir tilkynningarskyldunnar
- tilkynningarskyldu íslenskra skipa og búnað sem notaður til þess að koma tilkynningum á framfæri og notkun hans, þar með talið að senda út neyðarkall og að ganga frá búnaði við komu til hafnar

Nemandi geti

- annast talviðskipti með notkun alþjóðastafrófs
- sett upp skeyti
- sent loftskeyti
- sent neyðarskeyti
- sent medico-, háska-, öryggis- og veðurskeyti
- notað MF- og VHF-talstöðvar
- notað DSC búnað fjarskiptastöðva
- annast neyðarviðskipti
- notað radióneyðarbaujur (EPIRB)
- notað radarsvara (SART)
- fært radiódagbók
- farið með og annast viðhald á neyðarraffhlöðum
- tengt loftnet
- haft samband við strandstöðvar
- valið tíðnir
- notað gjaldskrár

Námsmat

Skriflegt og verklegt próf í lok áfangans

FJA203 Fjarskipti

Undanfari: FJA103

Áfangalýsing

Nemandi skal öðlast fullnægjandi þekkingu og færni í fjarskiptum til þess að hann geti gegnt hlutverki fjarskiptamanns og öðlast almennt og ótakmarkað fjarskiptamannsskírteini (GOC). Nemandi að læra að nota alþjóðamerkjabókina. Fjarskiptamaður á rekstrarsviði verður að hafa þekkingu á kröfum alþjóðaradióreglugerðarinnar og þekkja jafnframt leitar- og björgunarfjarskipti, þar með taldar þær aðferðir sem beitt er samkvæmt MERSAR-handbókinni (Merchant Ship Search and Rescue Manual). Nemandi viti hvernig koma á í veg fyrir að falskt neyðarkall sé sent út og þekkja aðferðir til að draga úr áhrifum slíks neyðarkalls hafi það verið sent út. Þá skal nemandi fræðast um tilkynningarskyldukerfi, fjarlækningaþjónustu, notkun alþjóðamerkjabókarinnar og staðlað safn siglingaorðasambanda Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Nemandi skal hafa svo mikla þekkingu á enskri tungu, bæði rit- og talmáli, að hann geti annast með traustum og öruggum hætti öll samskipti á sviði öryggis mannlífa á hafinu.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- neyðar- og öryggisfjarskiptabúnað skipa samkvæmt kröfum Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar IMO og Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU
- radiótelex
- reglugerðir um notkun fjarskiptabúnaðar
- alþjóðamerkjasetningar
- alþjóðakröfur og reglugerðir um GMDSS
-

Nemandi geti

- séð um almenn fjarskipti
- notað neyðar- og öryggisfjarskiptabúnað skipa (GMDSS), NAVTEX
- notað stafrænt valkall (DSC)
- notað VHF-, MF- og HF-stöðvar
- notað radióneyðarbaujur (EPIRB)
- notað radarsvara (SART)
- notað búnað til gervihnattafjarskipta
- séð um neyðarradióviðskipti
- notað alþjóða lista ITU og Admiralty og aðra lista er veita upplýsingar um alþjóða fjarskipti

Námsmat

Skrifleg og verkleg próf í lok áfangans.

FLF103 Flutningafræði

Undanfari: SKP112, STL213

Áfangalýsing

Að námi loknu í þessum áfanga á nemandi að hafa öðlast víðtæka þekkingu á útgerð farskipa, á gerð farmsamninga og flutningafræði (shipping) þannig að hann sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir í sambandi við töku farms og gerð farmsamnings að því marki sem þörf er á miðað við starfssvið og ábyrgð skipstjóra skips. Í þessum áfanga er m.a. fjallað um flutningaaðferðir og flutningatækni, leigusamninga og farmsamninga.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu flutningaaðferðir, skip sem notuð er til að flytja mismunandi farma og þann búnað sem þau þurfa til að geta annast slíka flutninga
- heilfarmaflutninga, stórflutninga, gámaflutninga og stykkjavöruflytninga

- gámavæðinguna og afleiðingar hennar
- hlutverk og hagnýt gildi farm- og leigusamninga í viðskiptum
- helstu þætti í alþjóðaflutningum og markaðsmál í kaupskipaútgerð
- mismunandi tegundir farm- og leigusamninga kaupskipa
- hlutverk og gildi farmskírteinis með hliðsjón af ákvæðum farm- og leigusamninga
- biðtíma og útreikning á biðtíma
- gerð ferðareiknings fyrir kaupskip
- helstu þætti við kaup og sölu flutningaskipa og efni staðlaðra sölusamninga

Námsmat

Sjá kennsluáætlun. Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

HAF102 Haffræði

Áfangalýsing

Að loknu námi í þessum áfanga á nemandi að hafa kynnst grunnþætti haffræðinnar, þ.e. hafinu í kringum Ísland. Nemandi skal öðlast góða þekkingu á því hversu mikilvægt hafið er sem auðlind fyrir Íslendinga, hversu mikið má veiða af tilgreindri tegund miðað við stofnstærð og nauðsyn þess að sporna við mengun hafsins af mannavöldum. Lögð er áhersla á gildi veiðistjórnunar og verndunaraðgerða sem beitt hefur verið á undanförunum árum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hafsvæðin kringum Ísland og mikilvægi þess fyrir íslenska þjóðarbúið
- þekki helstu hafstrauma við og kringum landið
- þekki sjávarfallastrauma
- þekki eðli vatns og sjávar, áhrif vatns og sjávar á hafstrauma og hringrás vatns og seltu sjávar
- þekki helstu haf- og fiskirannsóknir sem stundaðar eru á hafsvæðinu kringum Ísland
- þekki helstu aðferðir við mat á fiskistofnum og nýtingu þeirra
- þekki helstu tegundir nytjafiska á Íslandsmiðum og rannsóknir á þeim
- þekki afleiðingar af rányrkju og slæmri umgengni um auðlindina.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt mati á vetrarstarfi.

HBF101 Heilbrigðisfræði

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum undirstöðuþekkingu á sviði heilbrigðisfræða, þ.e. um vefjabyggingu líkamans og helstu líffærakerfi hans ásamt viðeigandi ráðstöfunum við sjúkdómum eða líkamsáverkum. Nemandi á að öðlast þekkingu og færni til að veita skyndihjálp við bráðasjúkdómum eða slysum, geta lagt mat á ástand hins sjúka eða slasaða, geta búið um áverka og búið sjúkling undir flutning til læknis. Nemandi skal öðlast þekkingu á innihaldi lyfjakistu, þekkja þau lyf sem þar eru, áhrif þeirra og aukaverkanir og geta gefið sýklalyf og verkjalyf í samráði við lækni. Nemandi þarf einnig að geta búið um minniháttar sár og stöðvað minniháttar blæðingar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki vefjabyggingu líkamans og helstu líffærakerfi
- þekki algengustu sjúkdóma sem skyndilega geta gert vart við sig
- þekki viðbrögð við sjúkdómum og slysum um borð
- þekki hvaða ráðstafanir skuli gera áður en hreyft er við þeim sem hefur slasast við fall
- þekki aðferðir við að leggja mat á ástand sjúklings

- þekki aðgerðir og rétt viðbrögð við slysum, svo sem líkamlegum áverkum, losti, eitrunum, ofkælingu og bruna
- þekki þá þætti sem huga þarf að við umbúnað áverka
- þekki gildi sóttthreinsunar og nauðsyn þess að þvo sár og skipta um umbúðir
- þekki líkamlega og andlega aðhlyningu sjúklinga eftir slys, þ.m.t. þeirra sem bjargað er úr sjávarháská.
- þekki viðbrögð við slysum um borð í skipum þegar talið er að eiturefni hafi borist úr umbúðum
- geti beitt aðferðum við lífgunartilraunir, þar með talið súrefnisgjöf
- geti beitt hjartahnoði og veitt aðstoð við hjartastopp
- geti búið um einföldustu beinbrot til bráðabirgða
- geti sprautað sjúkling í æð.
- geti mælt blóðþrýsting

Námsmat

Skriflegt próf úr námsefni í lok annar.

HBF202 Heilbrigðisfræði

Undanfari: HBF101

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum víðtækari þekkingu í heilbrigðisfræðum, m.a. um einkenni mismunandi bráðasjúkdóma og viðbrögð við þeim, viðbrögð við alvarlegri sjúkdómum eða áverkum þannig að sá sem ber ábyrgð á heilsu og velferð skipverja og annast umönnun sjúkra og slasaðra geti bætt líðan sjúklings og lífsmöguleika að því marki sem aðstæður og lyf leyfa. Nemandi skal öðlast nægilega góða þekkingu til að hann geti metið ástand sjúklings og veitt læknum í landi nákvæmar upplýsingar um ástand hans. Hann þarf einnig að hafa mjög góða þekkingu á innihaldi lyfjakistu farþega- og flutningaskipa og vita hvernig á að nota áhöld og lyf sem þar eru. Hann þarf að hafa þekkingu á hitabeltissjúkdómum, meðferð þeirra og vörnum gegn þeim. Einnig þarf hann að geta veitt fæðingarhjálp og þekkja einkenni fósturláts og móðurlífsblæðinga. Nemendur skulu ganga vaktir á slysideild Landspítala í Fossvogi þar sem þeir fylgjast með veikum og slösuðum og taka þátt í meðferð þeirra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki einkenni algengra bráðasjúkdóma og greiningaraðferðir
- þekki rétt og viðeigandi viðbrögð við alvarlegum slysum um borð eftir því sem við á, þ.m.t. ofkælingu og björgun úr sjó, endurlífgun og meðferð losts og bruna
- þekki einkenni helstu hitabeltissjúkdóma og viðbrögð við þeim
- þekki algengustu smitsjúkdóma, þ.m.t. kynsjúkdóma, meðferð þeirra og fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir smit
- þekki viðbrögð við sjóveiki
- þekki viðbrögð við háls-, nef- og eyrnavandamálum, kviðverkjum, beinbrotum og tognunum
- þekki viðbrögð við andláti um borð og frágang á líki
- þekki hvernig taka skuli lífsmörk sjúklings
- þekki hvernig koma skuli upp æðalegg og þvaglegg
- þekki reglur sem gilda um lyfjakistu farþega- og flutningaskipa og um meðferð hennar og þess sem í henni er
- þekki fæðingarhjálp og móðurlífsblæðingar
- þekki viðbrögð við atvikum þegar efni hættuleg mönnum berast frá farmi
- geti veitt skyndihjálp við hvers konar slys og atvik
- geti veitt mikið slösuðu fólki nauðsynlega aðhlyningu með leiðsögn læknis um fjarskiptabúnað
- geti meðhöndlað alvarlegri áverka, svo sem saumað sár og stöðvað minni háttar blæðingar

- geti veitt fæðingarhjálp
- geti gefið súrefni
- geti dregið upp og gefið stungulyf

Námsmat

Skriflegt próf að loknu námskeiði.

HÖS102 Hönnun skipa

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað með mjög almennum hætti um skipið og einstaka hluta þess, m.a með tilliti til nafngifta og þeirra hlutverka sem einstök stoðkerfi um borð í skipum gegna. Til þess að skip geti sinnt og fullnægt tilteknum hönnunarkröfum þurfa þau að fullnægja fjölbreytilegum hönnunar-, rekstrar-, öryggis- og aðbúnaðarkröfum. Kynna á nemendum teikningar af fyrirkomulagi skipa, teikningar af dæmigerðu geymafyrirkomulagi, teikningar af brunaniðurhólfun og dæmigerðar kerfisteikningar af vélbúnaði og rafbúnaði skipa. Veita á nemendum almenna undirstöðuþekkingu um gerð, fyrirkomulag og búnað skipa með tilliti til þess hlutverks sem þeim er ætlað að gegna, um hönnun þeirra með tilliti til styrks, flothæfni, farsviðs og ytri umhverfisþátta og um helstu stoðkerfi þeirra með tilliti til vélbúnaðar og raforku. Æskilegt er að hluti kennslunnar fari fram um borð í skipi þar sem nemendur kynna sér fyrirkomulag þess og búnað.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki helstu tegundir skipa og hlutverk þeirra
- þekki helstu hugtök og nafngiftir varðandi einstaka skipshluta, búnað skipa og veiðarfæri
- þekki þá umhverfisþætti sem ráða álagi á bol og þilför skipa og hafa áhrif á styrk þeirra
- þekki burðargetu skipa, mestu leyfilega hleðslu, særymi og þá krafta sem virka á bol skipa
- þekki álag á skipsbol vegna mismunandi þyngdar- og uppdrifskrafta og dreifingar þeirra
- þekki áhrif vinds og öldu á skip, hreyfingar þess, mótvægisáðgerðir og hættur sem eru samfara siglingu á lensi
- þekki áhrif ísingar á skip og stöðugleika þeirra
- þekki áhrif aukinnar hleðslu skips og djúpristu á álag og styrk bols
- þekki staðbundið álag sem veiðarfæri og veiðarfærabúnaður getur haft á skipsbol og þilför
- þekki gildi og nauðsyn vatnspéttrar niðurhólfunar skipa, áhrif þess ef vatnspétt skilrúm reynast ekki þétt og reglur sem um það gilda
- þekki gildi og nauðsyn brunaniðurhólfunar í skipum og reglur sem þar um gilda
- þekki þann vélbúnað sem myndar framdrifsbúnað skipa, hlutverk búnaðarins, afköst og þau stoðkerfi sem þarf til þess að búnaðurinn starfi eðlilega
- þekki raforkuframleiðslu skipa, afköst, uppbyggingu rafkerfis og helstu neytendur
- þekki stýrisbúnað skipa, virkni búnaðarins og reglur sem gilda um neyðarstýrisbúnað
- þekki helstu véla- og lagnakerfi í skipum, hlutverk þeirra, uppbyggingu, virkni og helstu einingar sem mynda slík kerfi
- þekki reglur sem gilda um austurkerfi skipa, sjó-, bruna-, slökkvi- og kælikerfi skipa
- þekki fyrirkomulag akkerisbúnaðar skipa, legufæra og dráttarbúnaðar
- þekki helsta veiðarfærabúnað fiskiskipa og þann búnað sem notaður er við mismunandi veiðiaðferðir

- þekki nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja að sjór komist ekki í vatnsþétt rými skipsins eða geti komist á milli einstakra vatnsþéttra rýma eða safnist fyrir á þilfari skips
- þekki fyrirkomulag við meðferð afla og frágang í lestum skipa
- þekki helsta öryggisbúnað skipa, virkni hans og notkun
- þekki lög og reglur sem gilda um eftirlit með skipum, um starfsemi Siglingastofnunar Íslands, viðurkenndra skoðunarstöðva, flokkunarfélaga, faggiltra skoðunaraðila með búnaði skipa og um þau skírteini sem gefin eru út til að skip megi vera í förum
- þekki lög og reglur um skráningu skipa og merkingar á skipum til auðkenningar

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

MAR123 Markaðsfræði

Áfangalýsing

Að loknu námi í þessum áfanga á nemandi að hafa öðlast þekkingu á grunnþáttum markaðsfræðinnar með áherslu á viðfangsefni er tengjast útgerð og fiskvinnslu. Nemandi skal geta mótað vöruhugmynd á grundvelli þarfa, framkvæmt markaðshlutun, gert stutta en hnitmiðaða áætlun um flutning afurða á markað, bent á og ákveðið þau markaðstæki sem best eru talin henta við stjórnun afurða á markaði. Hann skal hafa gott vald á hugtökum og orðtökum við framkvæmd markaðsmála, þekkja dreififyrirkomulag einstakra afurða og geta metið kosti þeirra og galla. Fjalla skal um afurðaþróun og stjórnun markaðsmála, starfsemi uppboðsmarkaða og tengsl þeirra við útgerð og vinnslu ásamt dreifingu á afurðum til frekari vinnslu erlendis og til endanlegs kaupanda.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki muninn á markaðs-, sölu- og framleiðsluviðhorfi
- þekki tengsl framboðs og eftirspurnar
- þekki tengsl þarfa gæða og markaðsfærslu
- þekki ríkjandi viðhorf í viðskiptum
- þekki hugtök sem notuð eru í markaðsfræðinni
- þekki tengsl við aðra starfsemi rekstrar
- þekki verðmyndun og dreifingu afurða
- þekki þætti er tengjast afurðaþróun og kynningu þeirra
- þekki aðferðir við að reikna út markaðshlutdeild einstakra afurða og geti verðreiknað afurðir á grundvelli markaðsfræðinnar

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt mati á vetrarstarfi.

RAF103 Rafmagnsfræði

Áfangalýsing

Nemendur öðlast þekkingu á grundvallarhugtökum rafmagnsfræðinnar. Nemendur verða færir um að gera útreikninga samkvæmt Ohms-, Kirchhoffs- og Watts-lögmálum. Nemendur öðlast þjálfun í tengingum straumrásar, í notkun mælitækja, læra að umgangast rafmagn og gera sér grein fyrir þeim hættum sem tengjast raforku og rafbúnaði. Í þessum áfanga eru gerðar verklegar æfingar til að auka skilning nemenda á námsefni áfangans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grundvallarhugtök rafmagnsfræðinnar
- þekki mælieiningar í rafmagnsfræðinni og rafmagnslegar stærðir
- þekki lögmál Ohms, Kirchhoffs, Watts og Joules
- þekki rafeindakenninguna
- þekki mismunandi leiðni mismunandi efna
- þekki viðnám og spennutap í rafleiðurum
- þekki gerðir strengja og val á rafstrengjum m.t.t. straumflutningsgetu og umhverfisaðstæðna
- þekki uppbyggingu, virkni, notkun og umhirðu rafgeyma
- þekki teikningartákn þeirra íhluta sem um er fjallað, geti teiknað og útskýrt einfaldar jafn- og riðstraumsrásir
- þekki hættur af völdum rafmagns og mikilvæg öryggisatriði úr öryggisstöðlum IEC og VDE
- þekki skautspennu, innri spennu, innra viðnám og skammhlaupsstraum spennugjafa
- geti reiknað samkvæmt lögmálum Ohms, Kirchhoffs og Watts
- geti hirt um rafgeyma
- geti teiknað og útskýrt straumrásir
- geti beitt mælitækjum

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

REK103 Rekstrarfræði

Undanfari: BÓK102

Áfangalýsing

Með þessum áfanga á að kynna nemendum grunnatriði í rekstrarhagfræði. Nemendur öðlast skilning á samhengi tekna og kostnaðar og þekkja helstu kennitölur í rekstri fyrirtækja og hugtök. Nemendur öðlast þekkingu og færni við að greina tekjumyndun og kostnaðarþætti í rekstri fyrirtækja, geta byggt upp einfalt verkbókhald, gert rekstraráætlun og greiðsluáætlanir með því að leggja mat á einstaka kostnaðar- og tekjuliði í rekstraráætlun, vera færir um að gera framlegðarútreikninga og skilja undirstöðuatriði markaðsverðmyndunar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grunnþætti rekstrarhagfræðinnar
- þekki samhengi milli tekna og kostnaðar
- þekki mun á beinum og óbeinum kostnaði
- þekki helstu kostnaðar- og tekjuliði við útgerð skipa og aðferðir við að leggja mat á þessa liði
- þekki helstu kennitölur í rekstri fyrirtækja og þær upplýsingar sem draga má af þeim
- þekki hugtök sem notuð eru í rekstrarhagfræðinni
- þekki eftirspurn og eftirspurnarfall
- þekki framboð og framboðsfall
- þekki samhengi framboðs og eftirspurnar
- þekki verð-, tekju- og víxltengi
- þekki kenningar um val neytandans
- þekki val á framleiðsluáðferðum
- þekki kostnað og kostnaðarfall í rekstri fyrirtækja
- þekki jadarkostnað og fórnarkostnað
- þekki framlegð og framlegðarstig
- þekki núllpunkt
- þekki helstu markaðsaðgerðir
- þekki forsendur um frjálstan markað, ófullkomna samkeppni og einokun
- þekki helstu þætti við ákvörðun verðlagningar og verðmyndunar

- þekki helstu þætti og uppbyggingu rekstrarbókhalds, verkþókhalds og kostnaðareftirlits

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

SAL102 Samlíkir

Undanfari: SIT112

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að efla þekkingu og færni nemenda í undirstöðuþáttum siglingafræðinnar og í notkun siglingatækja með því að veita þeim verklega þjálfun í siglingu skipa í siglingahermi þar sem reynir á þekkingu og hæfni í þessum greinum. Í þessum áfanga gefst nemanda færi á öðlast hagnýta þjálfun í skipstjórn, veitt er verkleg þjálfun í notkun siglingafræði og þjálfun í notkun ratsjár til staðsetningar og í skipaumferð í dimmviðri. Virkni mismunandi stillinga ratsjár sýnd og reynd með dæmum í samlíkinum.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- muninn á hinum ýmsu stillingum ratsjárinnar, þ.e. sýndarhreyfingu - raunhreyfingu, stafnlínan upp (head up) - norður upp (north up) - stefnan upp (course up), þýðingu þess fyrir gæði ratsjármyndarinnar að stilla rétt eftirfarandi hnappa:gain, tune, seaclutter, rainclutter o.fl.
- hvort miðun og fjarlægð til skips breytist og þá hvort hætta sé á árekstri

Nemandi geti

- kveikt á öllum siglingatækjum skipsins og búið það til brottfarar
- fundið staðarákvörðun skipsins með siglingatækjunum
- sett staðarákvörðunina út í sjókortíð
- sett stefnu í kortið og fylgt henni
- fundið út með notkun miðunarlínu og lausa fjarlægðarhringsins hvort skip, sem eru á svæðinu og nálgast, eru á árekstrarstefnu og, ef svo er, gripið til viðeigandi aðgerða til að komast hjá hættuástandi
- kveikt á og notað dýptarmæli
- sett á sjálfvirk þokumerki
- stillt og notað talstöð
- sent tilkynningu til tilkynningarskyldur
- stillt og notað sjálfstýringu

Námsmat

Verklegt próf í lok áfangans.

SAL201 Samlíkir

Undanfari: SAL102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að efla færni nemenda í undirstöðuþáttum siglingafræðinnar og í notkun einstakra siglingatækja, svo sem dýptarmæla og staðarákvörðunartækja, s.s. miðunarstöðva, gervitunglamóttökutækja, GPS-búnaðar og AIS-búnaðar. Með því að veita nemanda verklega þjálfun í notkun þessara tækja í siglingahermi öðlast hann hagnýta þjálfun í skipstjórn, verklega þjálfun í notkun siglingafræðinnar og þjálfun í notkun ratsjár til staðsetninga og við siglingar í mikilli skipaumferð í dimmviðri.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- mismuninn á hinum ýmsu stillingum ratsjár: sýndarhreyfingu (relative motion) - raunhreyfingu (true motion; stafnlínan upp (head up) - norður upp (north up) - stefnan upp (course up); áhrif gain-, tune-, seaclutter-, rainclutter-stillinga á ratsjármyndina; CPA, TCPA, hvaða þýðingu þessar upplýsingar hafa og hvernig á að nýta þær af fullu öryggi
- í aðalatriðum mismuninn á venjulegri ratsjá og ARPA-ratsjá
- notkun dýptarmælis við staðarákvörðun
- notkun miðunarstöðvar við staðarákvörðun
- notkun gervitunglamóttakara við staðarákvörðun
- notkun GPS-kerfisins og notkun þess við staðarákvörðun
- notkun AIS-kerfisins og notkun þess við að tryggja öryggi við siglingar
- þætti sem huga þarf að við siglingu til hafnar eða á grunnsævi

Nemandi geti

- fundið staðarákvörðun skips með notkun siglingatækja
- sett staðarákvörðunina út í sjókortid
- sett stefnu í kortid miðað við „örugga leið“
- fundið siglda stefnu með því að gera straumþríhyrninga
- fundið stýrða stefnu með því að reikna með drift og geta fylgt haldinni stefnu
- notað „E-plott“ og fundið út hvort skip, sem eru á svæðinu og nálgast, eru á árekstrarstefnu og, ef svo er, ákveðið til hvaða viðeigandi ráðstafana skuli gripið
- notað „navline“ við siglingar með ströndum fram eða á baujuleiðum
- valið hæfilegan hraða miðað við aðstæður
- fundið hvort dýpi er nægjanlegt til að komast inn í höfn
- notað dýptarmæli
- notað þokumerki
- notað talstöð
- sent tilkynningarskyldu
- stillt sjálfstýringu
- siglt skipinu af öryggi
- notað upplýsingar um baujur í sjókortinu
- plottað á ARPA-ratsjá og náð fram upplýsingum um hið „plottaða“ endurvarp
- plottað á pappír

Námsmat

Verklegt próf í lok áfangans.

SAL301 Samlíkir

Undanfari: SAL201

Áfangalýsing

Í þessum áfanga skal nemandi fá þjálfun í skipstjórn sem m.a. felst í verklegri þjálfun í notkun siglingafræði, þjálfun í notkun ratsjár til staðsetningar og í skipaumferð í dimmviðri og leikni í notkun ARPA-ratsjár. Allir stillingarmöguleikar ARPA-ratsjárinnar kynntir og virkni þeirra rannsökuð og prófuð. Að loknu námi skal nemandi uppfylla þau skilyrði sem krafist er um kunnáttu í IMO modelcourse 1.08. Þjálfunarverkefni, sem byggjast á kröfum IMO um kunnáttu og þjálfun í notkun ARPA-ratsjárinnar, skulu notuð til að meta færni nemandans. Verkefnið eru bæði á hafi úti og við land. Í þessum áfanga skulu nemendur fá þjálfun í störfum á stjórnþalli skips og skulu á grundvelli aðstæðna taka ákvarðanir og annast vaktstöðu eins og ef viðkomandi væri um borð í skipi. Aldrei skulu vera fleiri en þrír nemendur við þjálfun í stjórn á skipi og á siglingavakt samtímis.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- mismuninn á hinum ýmsu stillingum ratsjárinnar sýndarhreyfingu (relative motion) - raunhreyfingu (true motion; stafnlínan upp (head up) - norður upp (north up) - stefnan upp

- hættur sem eru samfara notkun ARPA-ratsjárinnar og hugsanlegrar mistúlkunar upplýsinga sem fengnar eru með henni
- leiðir til að draga úr hættu á mistúlkun upplýsinga

Nemandi geti

- plottað á pappír og með E-plotti
- stillt viðvörðunarkerfi ratsjár
- hand-plottað
- notað auto-plott
- skoðað upplýsingar sem fram koma og lagt mat á þær
- notað „trial“ til að prófa til hvaða aðgerða skuli gripið
- gripið til viðeigandi aðgerða og fylgst með hvort tilætlaður árangur næst, (true- og relative motion og vektorar)
- stillt ARPA-ratsjána, viðvörðunarkerfi og autoplott, til að ná fram upplýsingum um endurvörp
- metið „hæfilega fjarlægð“ milli skipa
- metið notkun á „true“ eða „relative motion“
- notað trial-aðgerðina og framkvæmt aðgerðir til öryggis fyrir skip og áhöfn

Námsmat

Verklegt próf í lok áfangans.

SAL401 Samlíkir

Undanfari: SAL301

Áfangalýsing

Nám í áfanganum á að efla færni nemenda og veita hagnýta þjálfun í siglingafræði bæði með þjálfun í ARPA-tæki og við framkvæmd siglingaáætlunar. Í þessum áfanga skal nemandi fá þjálfun í störfum á stjórnþalli skips og skal á grundvelli aðstæðna geta tekið ákvarðanir og annast vaktstöðu eins og ef hann væri um borð í skipi. Aldrei skulu vera fleiri en þrír nemendur við þjálfun í stjórn á skipi og á siglingavakt samtímis. Nemandi skal kunna að afla upplýsinga og gagna til að gera siglingaáætlun, geta metið á grundvelli fyrirliggjandi gagna þá þætti sem hafa áhrif á siglingu skips. Aflað upplýsinga um þær reglur sem gilda við aðsiglingu til erlendra hafna. Nemandi kunnir til verka sem vettvangsstjóri, geti valið leitaráferð og raðað upp til leitar.

Nemandi, sem hefur lokið SIG203, SIT202, SAL301 og SAL401, uppfyllir skilyrði IMO Course 1.08 um þekkingu og notkun ARPA-ratsjár og Bridge Teamwork og Search and Rescue.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hvaða nauðsynlegra upplýsinga þarf að afla til að útbúa siglingaáætlun
- gerð, uppbyggingu og innihald siglingaáætlunar
- hvar leita skal upplýsinga um atriði sem lúta að gerð siglingaáætlunar
- hvað átt er við með baujusiglingu og um merkingu þeirra siglingamerkja sem eru höfð til að leiðbeina skipum um þröngar siglingaleiðir

Nemandi geti

- stjórnað skipi og beitt nauðsynlegum stjórn tökum í samræmi við siglingaráætlun
- stjórnað skipi í baujusiglingu
- átt samskipti við hafnsögumann og fjarskiptastöðvar á ensku

Námsmat

Verklegt próf í lok áfangans.

SAL501 Samlíkir

Undanfari: SAL401

Áfangalýsing

Nám í áfanganum á að efla þjálfun og færni nemenda í skipstjórn hvað varðar verkefni sem tengjast siglingum milli landa svo og í viðbrögðum við erfiðar eða afbrigðilegar aðstæður sem kalla á að tilteknum stjórn tökum sé beitt. Nemandi skal kunna að afla upplýsinga og gagna til að gera siglingaráætlun milli landa. Hann skal geta metið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna þá þætti sem gætu haft áhrif á siglingu skips. Hann skal afla upplýsinga um þær reglur sem gilda um siglingar í lögsögu erlendra ríkja og við komu til erlendra hafna. Nemandi skal öðlast þjálfun í skipstjórn og beitingu stjórnataka þar sem umferð skipa er mikil á þröngum siglingaleiðum og þjálfun í að bregðast við óvæntum atvikum með því að grípa til viðeigandi stjórnataka. Nemandi skal kunna til verka sem vettvangsstjóri, geta valið leitaradferð og raðað upp skipum til leitar.

Nemandi, sem hefur lokið SIG203, SIT202 og SAL401, uppfyllir skilyrði IMO Course 1.08 um þekkingu og notkun ARPA-ratsjár, „Bridge Teamwork“, „Shiphandling“, „ECDIS“ og „Search and Rescue“.

Áfangamarkmið

Nemandi geti

- sýnt fram á færni við siglingar við þröngar aðstæður og mikla skipaumferð
- beitt nauðsynlegum stjórn tökum við baujusiglingar í slæmu skyggni
- notað „parallel index“-tækni við stjórn á skipi
- annast gerð siglingaáætlunar, m.a. með notkun „ECDIS“ sem tiltekur allt það sem þar þarf að koma fram, s.s. sett stefnur og áætlað tíma, tekið tillit til straums og umferðar og ákveðið hraða miðað við aðstæður
- sent tilkynningar um siglingu skipsins í samræmi við alþjóðlegar reglur
- farið að þeim reglum sem gilda við komu skips til hafnar erlendis
- gegnt hlutverki vettvangsstjóra við leit og björgun
- gefið fyrirmæli og annast samskipti og stjórn á stjórnþalli í samræmi við vaktreglur og samskiptaferla
- fært leiðarbók með fullnægjandi hætti

Námsmat

Verklegt próf í lok áfangans.

SIG102 Siglingafræði

Undanfari: STÆ122

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum undirstöðuþætti siglingafræðinnar þannig að þeir geti með aðstoð þeirra tækja sem um borð eru staðsett skip, reiknað og sett út stefnur og siglt skipi af öryggi við allar raunhæfar umhverfisaðstæður til veiða og milli hafna.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu hugtök siglingafræðinnar
- bauganet jarðar, breiddar- og lengdarmun og tilurð sjómíllunnar
- og skilji upplýsingar sem lesa má af sjókorti um dýpi, vita og önnur siglingamerki
- þau áhrif sem umhverfið hefur á siglingu skips, s.s. straum og vind
- notkun áttavita til að finna stefnur og til staðsetningar
- uppbyggingu áttavita, þætti sem hafa áhrif á þá og hvers þurfi að gæta við aflestur þeirra
- straumrastir og hvers ber að varast við siglingar í eða nærri þeim
- misvísun og aðferðir til að leiðrétta hana
- orsakir segulskekkju og aðferðir til að leiðrétta fyrir áhrifum hennar

- gerð og notkun vegmælis
- notkun straumþríhyrninga og notkun þeirra til að leiðrétta áhrif drifrar
- reglur um færslu dagbókar
-

Nemandi geti

- notað sjókort í mismunandi mælikvarða, þ.e. mælt upp og sett út stað í sjókort
- notað kompás
- unnið í sjókort og leiðrétt það
- sett út stefnur, miðanir og fjarlægðir í kort til staðsetningar
- mælt vegalengdir í sjókort
- lesið/talið á vitum og öðrum ljósmerkjum
- fundið tíma flóðs og fjöru og flóðhæðir
- gert staðarákvarðanir með jarðlægum athugunum
- sett út staðarlínur í sjókort
- siglt skipi af öryggi til veiða og milli hafna
- notað segulskekkjutöflur til að leiðrétta stefnu
- notað vegmæli
- reiknað drift

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG203 Siglingafræði

Undanfari: SIG102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum frekari og ítarlegri þekkingu á undirstöðuatriðum siglingafræðinnar. Nemendur skulu einnig fá kynningu á notkun ATT (Admiralty Tide Tables)

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hvernig skipssegulmagn og járn og stál skekkir segulkompásinn
- aðferðir við að leiðrétta áttavita og þau tæki sem notuð eru við það
- innihald siglingaáætlunar og viti hvernig hún er unnin
- notkun þríhyrningamælinga við að staðsetja skip
- notkun ratsjár við að finna stefnur nálægra skipa og til þess að tryggja næga fjarlægð á milli skipa þegar stefnur þeirra skarast
- reglur um færslu leiðarbókar/dagbókar
- færslur í dagbók

Nemandi geti

- reiknað út og teiknað flóðlínurit fyrir íslenskar hafnir
- notað íslensk og erlend straumkort
- unnið í sjókort, sett út staðarlínur, miðanir og mið, merkt og mælt upp staðsetningu
- gert siglingaáætlun (Passage Planning)
- reiknað út stefnu og vegalengd milli staða (þríhyrningsfræði)
- reiknað út haldna stefnu og haldna vegalengd
- reiknað út ágiskaðan stað með notkun þríhyrningafræðinnar
- reiknað út hraða og stefnu annarra skipa í ratsjá og lagt mat á árekstarhættu
- reiknað leiðréttingu vegmælis

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG303 Siglingafræði

Undanfari: SIG203

Áfangalýsing

Nám í áfanganum á að veita nemanda þekkingu, skilning og færni í stórbaugssiglingum auk þess sem hann skal geta gert siglingaáætlun erlendis, reiknað út og teiknað sjókort í mismunandi mælikvörðum og fært leiðarbók.

Markmið þessa áfanga er að veita nemendum þekkingu, skilning og færni í stórbaugssiglingum og gera þá færa um að framkvæma segulskekkjuathugun.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- stórbaugssiglingu, stórbaugssiglingakort, uppbyggingu þess og helstu hugtök sem tengjast stórbaugssiglingu
- notkun stórbaugskorts og tilhögun stórbaugssiglingar, kosti og galla þeirrar siglingar
- tilgang og innihald siglingaáætlunar
- tilgang og innihald siglingaskýrslu
- mælikvarða sjó korta
- mismunandi gerðir rafrænna sjó korta, kosti þeirra og galla
- færslur í leiðarbók og hvaða upplýsingar skuli færa í hana

Nemandi geti

- notað stórbaugskort
- reiknað út byrjunarstefnu, vegalengd og hámarksbreidd
- reiknað út stórbaugssiglingu með vasareikni og/eða siglingatölvu
- notað rafeindasjó kort
- gert siglingaráætlun
- fært leiðarbók

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG322 Siglingafræði

Undanfari: SIG203

Áfangalýsing

Nám í þesum áfanga á að veita nemendum þekkingu og skilning á grunnþáttum stjörnufræðinnar. Kenndar eru aðferðir sem nota má til að staðsetja skip út frá stöðu himintunglanna.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- uppbyggingu sólkerfisins, gang sólar, fastastjörnur, punkta og línur á himinkúlunni
- tímann og árstíðir
- miðhiminbaugsnetið og sjónbaugsnetið
- daglegar hreyfingar himinhnatta
- stjörnufræðiárþækur og stjörnukort
- hæðarmælingar og hæðarleiðréttingar
- notkun sextants
- helstu stjörnur og stjörnuþyrpingar, þ.m.t. Pólstjörnuna
- hágöngu og áttarhorn (azimut)

Nemandi geti

- reiknað út staðarlínur og staðsett skip með himintunglum (sól, tungli, plánetum og fastastjörnum)
- notað sextant

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG403 Siglingafræði

Undanfari: SIG203, má taka samhliða SIG303

Áfangalýsing

Að loknu námi í þessum áfanga eiga nemendur að hafa ítarlegri og dýpri þekkingu og skilning á þeim þáttum siglingafræðinnar sem lúta að gerð siglingaáætlunar og ákvæðum alþjóðlegra siglingareglna og þjálfun og færni í að beita þeim. Nemandinn á að geta fundið segulskekkju kompáss og leiðrétt hann. Í þessum áfanga á nemandinn einnig að öðlast þekkingu á „IMO Merchant Ship Search and Rescue Manual“ (MERSAR) ásamt því að fá æfingu í gerð flóðalínurita.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hlutverk, uppbyggingu, gerð og notkun flóðataflna
- þær hættur sem því eru samfara að sigla í ís og víðeigandi ráðstafanir sem huga skal að í því sambandi
- helstu hugtök og aðferðir sem notaðar eru við leit og björgun
- helstu ástæður segulskekkju
- hvernig segulsvið jarðar myndar segulskaut í skipinu, þ.m.t. fyrir stefnu segulkraftsins lóðrétt og lárétt, fyrir láréttum langskips- og þverskipskröftum, fyrir auknu og veikluðu stefnumagni
- aðferðir við leiðréttingu segulkompáss

Nemandi geti

- reiknað út og teiknað flóðlínurit fyrir tiltekna höfn eða stað
- notað erlend flóðatöflur, s.s. ATT, bæði fyrir aðalhafnir og aukahafnir
- notað erlend straumakort
- gegnt hlutverki vettvangsstjóra við leit og björgun, þ.m.t. að stjórna leit, velja leitarkerfi og raða skipum upp til leitar, samskiptaform björgunaraðila, rek þess sem leitað er að o.s.frv.
- framkvæmt segulskekkjuathugun
- fundið skekkju gírókompáss

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG502 Siglingafræði

Undanfari: SIG403, SIG303

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlegri og dýpri þekkingu og skilning á notkun siglingatölvu við stórbaugssiglingu og um starfshætti á stjórnþalli (Bridge Procedure Guide). Jafnframt á námið að þjálfa nemendur í gerð siglingaáætlunar vegna langsiglinga. Nemandi haldi við og öðlist ítarlegri þekkingu á leiðarbók, þjálfist í færslu hennar og læri að gera siglingaskýrslur.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- starfshætti á stjórnþalli í samræmi við Bridge Management system (Bridge Procedure Guide)
- kosti og galla stórbaugssiglingar og geti reiknað samsettan stórbaug

Nemandi geti

- notað siglingatölvuna við langsiglingar (stórbaugssiglingu)
- notað rafeindasjókort
- notað tölvur við ákvörðun sjávarhæðar
- útbúið siglingaáætlun fyrir langsiglingar og eins fyrir þröngar siglingaleiðir (Passage Planning)
- staðfest þekkingu á helstu atriðum fyrri siglingafræðiáfangna

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SIG602 Siglingafræði

Undanfari: SIG502

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga byggist annars vegar á því að kynna og þjálfva nemendur í undirstöðubáttum kortagerðar og hins vegar að fara yfir verklagsreglur sem viðhafa skal við staðsetningu skips þegar það er staðið að ólöglegri starfsemi á hafi úti. Nemendur skulu öðlast þekkingu á gerðum nokkurra kortavarpana, aðferðum sem notaðar eru við kortagerð og aðferðum til að leiðrétta mælingar.

Nemendur læra að beita verklagi sem tryggir að þau gögn, sem lögð eru fram til staðfestingar á staðsetningu skips á hafi úti, fullnægi þeim kröfum sem réttarríkið setur. Nemendur eiga að öðlast þekkingu á úrvinnslu gagna í siglingatækjum skips sem mögulegt er að nýta til sakfellingar við ólöglega starfsemi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki mælistöður, legu þeirra í þríhyrningsneti, flokkun og nákvæmni
- þekki mismun kortavarpana
- þekki helstu grundvallaratriði sjómælinga og sjókortagerðar
- þekki/geti notað tæki til hornamælinga og fjarlægðarmælinga í þríhyrninganeti
- þekki/geti notað tæki til staðarákvarðana og dýpismælinga
- þekki/geti notað ýmsar aðferðir við staðarákvarðanir og dýpismælingar
- þekki/geti annast uppsetningu flóðbretta vegna dýpismælinga
- þekki helstu atriði við staðarákvarðanir og gæslustörf

Námsmat

Skriflegt próf í lok annar.

SIR102 Siglingareglur

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum þekkingu og skilning á alþjóðlegum siglingareglum, tilgangi þeirra og þjálfun og færni í að beita þeim, þ.m.t. reglum um neyðarmerki og merkjagjafir í sjávarháaska. Nemendur tileinka sér ákvæði þeirra og þekkja afleiðingar þess ef brotið er gegn þeim. Nemandinn skal öðlast æfingu í ratsjár siglingu í ratsjár samlíki og undirstöðuatriðum um varðstöðu í brú.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- einstök ákvæði siglingareglanna, þ.m.t.:
 - notkun ljós- og dagmerkja á mismunandi tegundum skipa
 - notkun hljóðmerkja í takmörkuðu skyggni
 - stjórnök sem viðhafa skal gagnvart vélskipum í sjónmáli hvert frá öðru
 - ákvæði um gagnkvæma tillitssemi við siglingar og gildi þeirra

- reglur sem gilda um skip sem sigla um þröngar siglingaleiðir
- siglingareglur og ratsjár siglingar
- hring stefnubreytinga
- reglur um prófanir siglingaljósa
- einstakar reglur um alþjóðlegar vaktreglur skv. ákvæðum STCW-samþykktarinnar; nemandi kunnir til hlítar
 - ákvæði 2. reglu um ábyrgð
 - ákvæði 5.-8. reglu
 - ákvæði 12.-19. reglu, svo og
 - IV. viðauka
- nemandi kunnir mjög góð skil á
 - ákvæðum 3. reglu
 - ákvæðum 20.-36. reglu
 - ákvæðum 10. reglu

Nemandi þekki

- vaktreglur og ákvæði um varðstöðu á stjórnþalli
- þær reglur sem gilda um vaktaskipti á stjórnþalli
- þær reglur sem gilda um siglingar í dimmviðri
- neyðarmerki og merkjagjöf í sjávarháská
- reglur um siglingaljós, fyrirkomulag þeirra og útbúnað
- dagmerki skipa
- þokumerki sem gefa skal í slæmu skyggni
- þær ráðstafanir sem viðhafa skal við siglingu í slæmu skyggni
- mismun raun- og sýndarhreyfinga og hraða í ratsjá
- merkingu borþalla og mannvirkja á hafi úti og við ströndina
- þær takmarkanir sem geta verið á næmni ratsjár og þar með á áreiðanleika hennar
- helstu orsakir árekstra milli skipa samkvæmt niðurstöðum rannsókna á slíkum atvikum

Nemandi geti

- siglt skipi við allar raunhæfar aðstæður án þess að gerast brotlegur við siglingareglur
- metið árekstrarhættu í ratsjá
- sent út með réttum hætti neyðarmerki og lagt réttan skilning í þýðingu slíkra merkja þegar þeirra verður vart

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni. Lokaeinkunn má ekki vera lægri en 6 til að standast áfangann.

SIR202 Siglingareglur

Undanfari: SIR102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlegri og dýpri þekkingu og skilning á ákvæðum alþjóðlegra siglingareglna og þjálfun og færni í að beita þeim. Nemandi öðlast þekkingu á reglum um afmarkaðar og aðskildar siglingaleiðir, um vaktreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og um samskipti við leiðsögumenn. Nemandi þjálfist í notkun reglnanna í siglingasamlíki í sambandi við BA 5500 og lærir að semja MAREP-skeyti. Kynntar eru handbækurnar Ship's Routeing, Mariner's Handbook og leiðsögubækur um svæðið (Pilots).

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- reglur á afmörkuðum og aðskildum siglingaleiðum
- vaktreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO)
- ákvæði 10. reglu alþjóðlegra siglingareglna
- hlutverk og notkun BA 5500

- gerð siglingaáætlunar á Ermarsundi
- tilkynningar vegna siglinga á þýskri bugt
- hvar og hvernig beðið er um lóðs til þýskra hafna
- notkun alþjóðamerkjaflagga
- starfshætti á stjórnpalli samkvæmt þeim reglum sem um þá gilda
- samskipti og hlutverkaskipti hafnsögumans í brúnni og skipstjóra
- alþjóðlegt sjómerkjakerfi

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum mynda lokaeinkunn sem ekki má vera lægri en 6 til að standast áfangann.

SIT112 Siglinga- og fiskileitartæki

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum helstu siglinga- og fiskileitartæki sem notuð eru í skipum. Gerð er grein fyrir grundvallarþáttum að því er varðar gerð og uppbyggingu þessara tækja, gæðum þeirra og takmörkunum. Nemendur verði færir um að nota ratsjá, sjálfstýringu og staðarákvörðunartæki af þekkingu og öryggi og þekki notkunarvið tækjanna, takmarkanir þeirra og annmarka. Lögð er áhersla á notkun ratsjár. Nemendur læra að stilla og nota ratsjána og þekkja allar helstu stillingar tækisins. Þeir geti áttað sig á ratsjármynd og nýtt sér hina ýmsu truflanadeyfa og yfirfært þekkinguna yfir á aðrar gerðir tækja. Við stillingu ratsjár skal nemandi leitast við að fá sem besta mynd á skjáinn, sjá hvernig truflanadeyfar (anti-clutterar) vinna, hvernig mismunandi púls lengdir hafa áhrif á aðgreiningarhæfni tækisins, læra að velja rétta fjarlægðarstillingu og púls lengd til að fá sem gleggsta mynd. Umgengni skal vera í samræmi við reglur.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu tegundir siglinga- og fiskileitartækja og hlutverk þeirra
- hvernig siglinga-, fiskileitar- og staðarákvörðunartæki og kerfin vinna, þ.e. ratsjá, dýptarmælir, sónar, gervitunglamóttakari, gýrókompás, sjálfstýring, vegmælir (loggið), miðunarstöðvar (bæði VHF og lang- og miðbylgjustöð), tíðnir, bylgjulengdir og uppbyggingu tækjanna
- samtengingu tækja og miðlun gagna og upplýsinga á milli tækja
- uppbyggingu upplýsingakerfa
- hlutverk og virkni ratsjár, þ.e. tilgang, uppbyggingu, vinnslu, geislabreidd, miðun, fjarlægð, langdrægi og notkun
- hlutverk og virkni GPS-kerfisins, þ.e. tilgang, uppbyggingu, vinnslu, notkunarvið, nákvæmni, misnotkun og hættur (DGPS)
- hlutverk og virkni sjálfstýringar og fylgitækja
- hlutverk og virkni vegmælis, þ.e. tilgang, gerðir, skekkjur
- hlutverk og virkni radióvita, þ.e. tilgang, tíðnir, einkennismerki, gerð, einstaka (íslenska) vita, (erlenda) stefnuvita
- hlutverk og virkni radiómiðunarstöðvar
- siglingatæki um borð í skipunum, notkun þeirra, vinnsluaðferðir, kosti, galla, skekkjur o.fl.

Nemandi geti

- stillt ratsjá
- valið rétta fjarlægðarstillingu
- valið rétta púls lengd
- notað truflanadeyfinn, plotthluta tækisins og annan hjálparbúnað

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni. Munnlegt og verklegt próf í lok áfangans (ratsjá verklegt).

SIT212 Siglinga- og fiskileitartæki

Undanfari: SIT112

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum með verklegum æfingum notkun helstu siglinga- og fiskileitartækja sem notuð eru í skipum með það að markmiði að nemendur getið nýtt sér eiginleika tækjanna til fullnustu. Tækin sem um ræðir eru: dýptarmælar, sjálfstýringar, sönartæki, GPS-staðsetningartæki, AIS-tæki, miðunarstöðvar, skjáritar (plottera) og siglingatölvur. Nemendur verði færir um að skilja og leggja mat á þær upplýsingar sem tækin gefa.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hvernig meta skuli fiskilóðningar sem fram koma á fiskileitartækjum og geti metið botnhörku
- þá möguleika sem felast í stillingum tækjanna
- leitarkerfi sönars, stillingar og aðgreiningarhæfni
- virkni og stillingar sjálfstýringar
- staðsetningar skipa á grundvelli GPS-aflestrar og geti sett inn leiðir (routes) og leiðarpunkta og fengið stefnu og fjarlægð á milli þeirra
- viðbrögð við MOB-aðgerðinni (Man over board)
- virkni og notkun siglingatölva og þeirra upplýsinga sem tækin veita
- notkun vegmælis (loggs) og hvernig slíkur búnaður skuli notaður

Nemandi geti

- stillt dýptarmæli og metið þær upplýsingar sem fram koma á tækjunum
- sett hin ýmsu merki á skjá siglingatölvunnar, teiknað hólfið og merkt ferla skipsins

Námsmat

Verklegt próf, siglinga- og fiskileitartæki stillt.

SIT313 Siglinga- og fiskileitartæki

Undanfari: SIT212

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlegri þekkingu á innri gerð og uppbyggingu helstu siglinga- og fiskileitartækja sem notuð eru í skipum, auka færni þeirra í notkun og viðhaldi tækjanna og við að meta þær upplýsingar sem frá þeim berast. Nemendur öðlast þekkingu í rafeindafræðum og í gerð rafeindatækja, annast bilanagreiningu og minni háttar viðgerðir eftir leiðsögn fulltrúa tækjaframleiðanda. Nemendur skulu fá verklega þjálfun í notkun mælitækja og eiga þess kost að heimsækja viðgerðarverkstæði og kynnast þar innri uppbyggingu tækjanna og verklagi við viðhald þeirra.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- innri gerð og uppbyggingu helstu siglinga- og fiskileitartækja
- helstu eiginleika siglinga- og fiskileitartækja og takmarkanir á getu þeirra við að veita réttar upplýsingar við krefjandi aðstæður
- helstu þætti rafeindafræðinnar að því er varðar að beita mælitækjum við bilanaleit

Nemandi geti

- framkvæmt einfaldar bilanagreiningar til að kanna hvort bilunina megi rekja til einföldustu bilanamöguleika
- stillt miðunarstöðina
- miðað út radíóvita á neyðarbylgju

Námsmat

Verklegt próf í hverju tæki fyrir sig og má engin einkunn vera lægri en 5 til að standast áfangann

SJÁ 101 Sjávarútvegur

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum lagaumhverfi sjávarútvegs að því er lýtur að fiskveiðilögsögu og fiskveiðistjórnun. Nemendur fá innsýn í verkaskiptingu ráðuneyta, hlutverk Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar og sjávarútvegsráðuneytis og annarra sem koma að nýtingu auðlinda hafsins. Einnig fá nemendur kynningu á lagaumhverfi sem snýr að nýtingu auðlinda sjávar og meðferð afla um borð í skipum, fiskmörkuðum innanlands og erlendis sem og þeim stofnunum og fyrirtækjum sem tengjast sjávarútveginum. Fjallað er stuttlega um sögulega þróun sjávarútvegs og gildi hans fyrir íslenskt samfélag. Veitt er yfirsýn yfir íslenskan sjávarútveg og gerð grein fyrir atvinnugreinum sem honum tengjast.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- uppbyggingu og skipulag sjávarútvegs á Íslandi
- helstu hugtök í tengslum við fiskveiðiheimildir, s.s. fiskveiðilögsögu, landhelgi, grunnlínu, viðmiðunarlínu, lokunarsvæði
- lög og reglur sem gilda um nýtingu auðlinda hafsins og fiskveiðistjórn
- þau fiskveiðikerfi sem lög um fiskveiðar gera ráð fyrir
- reglur um aflamark og framsal þess
- tilkynningar um afla og eftirlitsaðila og færslu afladagbókar
- lög og reglur sem gilda um nýtingu sameiginlegra fiskistofna
- starfsemi fiskmarkaða innanlands sem erlendis og helstu markaði fyrir íslenskar fiskafurðir
- aðferðir við flutninga á fiski frá veiðiskipi til útflutnings, s.s ferskfiskflutninga í gámum og losun afla beint yfir í flutningaskip

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt vetrarstarfi.

SJÓ112 Sjóvinna

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum verklag, vinnubrögð og ráðstafanir um borð í fiskiskipum er lúta að störfum háseta auk þess búnaðar og þeirra tækja sem notuð eru við fiskveiðar. Fjallað er um mikilvægi verkunnáttu á hinum ýmsu sviðum og þjálfun í réttum viðbrögðum, sérstaklega við erfiðar eða afbrigðilegar aðstæður. Nemendur kynnast mismunandi veiðum og veiðiaðferðum og mismunandi veiðarfærabúnaði til að stunda þær. Nemendur kynnast þeim aðgerðum sem þarf að framkvæma til að koma veiðarfærum í sjó og ná þeim inn aftur og um hlutverk þeirra sem að þeim verkþáttum standa. Nemendur læra heiti á íhlutum veiðarfæra og lyftibúnaðar (daglegt mál), svo og heiti og notkun ýmissa verkfæra og tækja um borð í skipi/báti (daglegt mál).

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu gerðir skipa og báta og þær veiðar sem þessi skip og bátar stunda
- helstu hugtök og nafngiftir á veiðarfærum og veiðarfærabúnaði skipa og báta
- helstu veiðarfæri sem notuð eru við mismunandi fiskveiðar
- verkaskiptingu skipverja og hlutverk hvers og eins við mismunandi veiðar
- vinnusvæði um borð í skipi/báti
- heiti ýmissa skipshluta
- heiti ýmissa verkfæra og tækja um borð í skipinu

- hættur sem stafa af hangandi þunga
- hættur sem stafa af því að standa í skotlínu veiðarfæra, víra og tóga
- hættur sem ógna öryggi þeirra sem starfa í lestum skipa við að ganga frá afla
- val á vírum eftir notkun þeirra
- val á lásum og krókum með tilliti til álags sem þeir eru gerðir fyrir
- hvaða gerðir hnúta og splæss sé heppilegast að nota við mismunandi aðstæður
- aðferðir við viðgerð á netum
- ráðstafanir sem þarf að grípa til við endurnýjun á vírum
- öryggisstuðla fyrir víra og lása
- hvernig meta og mæla skuli slit á vírum og keðjum
- hífingarbúnað fyrir veiðarfæri um borð í skipum og við hífingar á farmi, þ.m.t. taliur, krana, bómur og gálga

Nemandi geti

- hnýtt:
 - skutulsbragð (hestahnút)
 - sleppitak
 - réttan hnút
 - pelastikk
 - flagghnút
 - netahnút
 - línuhnút
- splæst:
 - augaslæs
 - samsplæs
 - langsplæs
 - sælabandssplæs á þriggja þátta tógi
 - fjögurra þátta línu
- reiknað út álag á víra og hífingarbúnað þegar notaðar eru margskornar blakkir til að létta átak
- valið víra, lása, tóg og króka sem hæfa því álagi sem þessi búnaður verður fyrir við notkun

Námsmat

Skriflegt og verklegt próf í lok áfangans ásamt vetrarstarfi.

SJÓ212 Sjóvinna

Undanfari: SJÓ112

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum verklag, vinnubrögð og ráðstafanir um borð í fiskiskipum er lúta að störfum háseta auk þess búnaðar og þeirra tækja sem notuð eru við fiskveiðar umfram það sem gert er í fyrri áfanga. Fjallað er um mikilvægi verkunnáttu á hinum ýmsu sviðum og þjálfun í réttum viðbrögðum, sérstaklega við afbrigðilegar aðstæður. Nemandi skal kynnast mismunandi veiðum og veiðiaðferðum og hinum ýmsu tegundum veiðarfærabúnaðar sem þarf til að stunda þær. Nemandi lærir vinnubrögð og verkþætti sem þarf að framkvæma til þess að koma veiðarfærum í sjó, ná þeim inn aftur svo og um hlutverk hvers og eins sem að þeim verkþáttum kemur.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu gerðir kaðla og víra
- ýmsar gerðir splæsa
- hættur vegna mikils átaks á kaðla og víra
- fyrirbyggjandi aðgerðir til að minnka slyshættu ef eitthvað slitnar
- ráðstafanir þegar unnið er á svæði þar sem mikið átak er á kaðla og víra
- mismunandi gerðir blakka og geti valið blakkir með tilliti til notkunar þeirra

- helstu efnisflokka sem notaðir eru í veiðarfæri
- hlutverk og hönnun tóg- og keðjustoppa
- notkun tóg- og keðjustoppa þegar sett er fast á polla, sett fast á polla með öryggi,
- verklag og ráðstafanir við að þræða blakkir rétt við endurnýjun á vírum
- val á sverleika og gerð kaðals í samræmi við væntanlega notkun
- val á sverleika og gerð vírs í samræmi við væntanlega notkun
- val á réttum sverleika og gerð lása, króka og keðja í samræmi við væntanlega notkun
- hnýtingu sléttis netastykkis með leggekanti og frágangi á bolsi á kanti
- hvernig koma skal fyrir bátsmannsstól með öryggi
- notkun öryggisbelta, líflínu, öryggishjalma og öryggisglæraugna til að tryggja öryggi við störf um borð í flutninga- og fiskiskipum

Nemandi geti

- splæst augu bæði á snúinn og fléttaðan kaðal, grannan og sveran
- splæst saman enda, stuttsplæs og langsplæs, snúinn og fléttaðan kaðal, grannan og sveran
- splæst vír, augasplæs, augasplæs með kósa
- splæst saman enda, stuttsplæs, langsplæs, Rockefellerplæs
- bætt slétt net og skorið úr sléttu neti
- splæst átta þátta landfestatóg með tilliti til öryggis og vandaðs frágangs

Námsmat

Skriflegt og verklegt próf í lok áfangans ásamt vetrarstarfi.

SJR102 Sjóréttur

Áfangalýsing

Nemendur kynnast lagaumhverfi sjávarútvegs og siglinga, þ.e. helstu lögum og reglum um siglingar og útgerð og þá sérstaklega það sem lýtur að hlutverki, ábyrgð og skyldum skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Fjallað er um efni helstu alþjóðasamþykktanna sem eru í gildi, um helstu tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins svo og um íslenska löggjöf á þessu sviði, með áherslu á fiskveiðar og fiskiskip. Sérstaklega er fjallað um lög og reglur, gerð og búnað, skráningu og eftirlit með skipum. Fjallað er um réttindi yfir skipum, réttindi og skyldur skipverja samkvæmt sjómannaöldum, um skiprúmssamninga og um lögskráningu.

Fjallað er um meginatriði löggjafar og réttarheimilda um varnir gegn mengun sjávar auk þess sem vikið er að uppbyggingu alþjóðlegs og fjölþjóðlegs samstarfs á vettvangi SP (Sameinuðu þjóðanna), ESB (Evrópusambandsins) og EES (Evrópska efnahagssvæðisins).

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki uppbyggingu íslensks réttarkerfis og helstu lagareglur um siglingar og útgerð
- þekki stjórnskipun Íslands, hlutverk löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómvalds
- þekki valdheimildir stjórnvalda og réttarheimildir er varða siglingar og útgerð
- þekki þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands og ákvæði í íslenskri löggjöf sem varða framkvæmd alþjóðasamninga og sáttmála á sviði siglinga og útgerðar
- þekki helstu alþjóðasamþykktir sem öðlast hafa gildi, bæði gildissvið þeirra og efni
- þekki alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS)
- þekki alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW)
- þekki alþjóðasamþykkt um varnir gegn mengun af völdum skipa, einkum olíumengun (MARPOL 73/78)
- þekki helstu tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins
- þekki helstu alþjóðastofnanir Sameinuðu þjóðanna sem láta sig varða siglingar, skip og skipshafnir, svo sem Alþjóðasiglingastofnunina (IMO), Alþjóðavinnu-

málastofnunina (ILO) og Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) og helstu samþykktir þeirra

- þekki réttarstöðu Íslands gagnvart ákvæðum EES-samningsins, stjórnskipan Evrópusambandsins og stofnanir þess, þ.m.t. EMSA
- þekki lög og reglur sem lúta að eftirliti með skipum og þau skipsskjöl sem skip þurfa að hafa til að fullnægja ákvæðum laga og reglna
- þekki lög og reglur sem lúta að réttindum til starfa á skipum, um mönnun skipa og ákvæði laga um vinnu- og hvíldartíma sjómanna
- þekki lög og reglur sem gilda um smíði og búnað skipa
- þekki lög og reglur sem gilda um aðbúnað skipverja og störf um borð í skipum
- þekki lög og reglur um umhverfisvernd og varnir gegn mengun frá skipum
- þekki ábyrgð og skyldur vegna annarra alþjóðasamþykktá sem varða öryggi skipa, skipverja, farþega og farms
- þekki aðgang að réttarheimildum

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

SJR201 Sjóréttur

Undanfari: SJR102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlegri þekkingu á þeim réttarreglum sem gilda um sjávarútveg og siglingar með farm og farþega, um réttarstöðu skipstjóra, skipverja, eiganda og útgerðaraðila samkvæmt þeim lögum og reglum sem þar um gilda og um efni alþjóðasamninga, tilskipana og reglugerða á þessu sviði. Nemendur skulu m.a. öðlast grunnþekkingu á helstu réttarreglum um siglingar og útgerð, á meginreglum vinnuréttar og skaðabótaréttar og á reglum um váttryggingar í skiparekstri.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- réttarreglur um ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra
- grundvallaratriði vinnuréttar, skyldur og réttindi launþega, ábyrgð í starfi, sérreglur um sjómenn, réttindi og skyldur skipstjóra og áhafnar og löggjöf um áhafnir á íslenskum skipum, þ.m.t. um lögskráningu
- helstu þætti skaðabótaréttar og sjóváttrygginga og um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns
- ákvæði um rannsókn sjóslysa og skyldur skipstjóra í þeim efnum
- skyldur skipstjóra þegar tjón verður á skipi eða farmi þess
- skyldur skipstjóra þegar slys ber að höndum eða umhverfisspjöll verða
- ákvæði um leit og björgun
- réttarstöðu þegar um er að ræða björgun skips eða aðstoð við skip
- réttarreglur sem gilda um sameiginlegt sjótjón
- réttarreglur sem gilda um farmflutninga
- réttarreglur sem gilda um farþegaflutninga
- lög og reglur um siglingavernd.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SJR302 Sjóréttur

Undanfari: SJR201

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlega og fullnægjandi þekkingu á alþjóðasamningum á sviði alþjóðlegra siglinga. Nemendur skulu öðlast haldgóða þekkingu á efni alþjóðlegra samninga, farmsamninga og annarra bindandi ákvæða í alþjóðlegum siglingum. Þeir geri sér grein fyrir hlutverki og ábyrgð skipstjórnarmanns, eiganda skips og útgerðaraðila og geti farið að þeim reglum sem þar um gilda á grundvelli þekkingar á ákvæðum alþjóðlegra samþykka og viðtekinna venja varðandi alþjóðlegar siglingar og farmflutninga.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- skírteini og skjöl sem skylt er að hafa um borð í skipum í millilandasiglingum
- skyldur og ábyrgð vegna ákvæða alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS)
- skyldur og ábyrgð vegna alþjóðasamþykktar um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW)
- skyldur og ábyrgð vegna innlendra reglna og erlendra samþykka um varnir gegn mengun af völdum skipa (MARPOL 73/78)
- ábyrgð og skyldur vegna annarra alþjóðasamþykka sem varða öryggi skipa, skipverja, farþega og farms
- ábyrgð og skyldur vegna tilkynninga um komu skips til þess ríkis sem skipið hefur viðkomu í
- efni og gildissviði Load Line-samþykktarinnar
- efni og gildissvið alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar, Maritime Declarations of Health and the requirements of the International Health regulations, þar með skyldu skipstjóra til að koma veg fyrir sýkingu eða veikindi skipverja og skjöl sem leggja skal fram við komu skips til hafnar
- efni og gildissvið samþykka sem fjalla um öryggi skipa, farþega, áhafnar og farms, þ.m.t. efni ILO-samþykka þar að lútandi
- efni og gildissvið alþjóðlega björgunarsamningsins frá 1989 ásamt einstökum ákvæðum LOF 95 og þeim skuldbindingum sem í þeim skjölum felast
- efni og gildissvið LLMC-samþykktarinnar og þeim takmörkunarákvæðum sem í henni felast
- hlutverk og starfsemi flokkunarfélaga, reglur þeirra, flokka skipa og þau skírteini sem flokkunarfélög gefa út
- efni og gildissviði Hague-Visby-reglnanna og áhrif þeirra á réttarstöðu og ábyrgð skipstjórna og útgerðarmanna
- efni og gildissvið Hamborgarreglunnar og York-Antwerp-reglunnar og áhrif þeirra á réttarstöðu og ábyrgð skipstjóra og útgerðarmanna
- efni og gildissvið helstu alþjóðasamþykka á sviði umhverfismála og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun sjávar og áhrif þeirra á réttarstöðu og ábyrgð skipstjóra og útgerðarmanna
- ábyrgð og skyldur vegna ákvæða hafréttarsáttmálans
- ákvæði siglingalaga að því er varðar alþjóðlegar siglingar og farmflutninga
- reglur um skaðabótaábyrgð útgerðarmanns á farmtjóni
- ákvæði um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanns og skilyrði þess að sú takmörkun eigi við
- ákvæði um sjóveð
- ákvæði um sameiginlegt sjóttjón
- ákvæði og venjur varðandi aðstoð, björgun og björgunarsamninga
- venjur sem viðhafðar eru þegar skip telst hafa brotið gegn ákvæðum alþjóðlegra samninga eða laga sem gilda innan lögsögu ríkis
- tilgang, markmið og eftirlit hafnarríkiseftirlits
- samskiptaleyfi skipa og viðhafðar venjur í þeim efnum
- hlutverk og efni farmsamninga, farmbréfa og farmskírteina og venjur í þeim efnum

- váttryggingar skipa og tryggingar á farmi
- ábyrgð útgerðarmanns á farmtjóni og tjóni af völdum yfirsjóna eða vanrækslu skipstjóra, skipshafnar, hafnsögumanns eða annarra sem starfa í þágu skips
- venjur sem viðhafðar eru þegar sjóttjón verður á farmi eða skipi og hvernig skipstjóri gætir réttarstöðu sinnar og þeirra sem hann er í umboði fyrir
- sjópróf og rannsóknir sjóslysa, reglur um framkvæmd þeirra og samanburð við rannsóknir í öðrum löndum
- alþjóðlegar reglur og staðbundnar reglur sem eiga við um alþjóðlegar siglingar
- þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands varðandi siglingar og útgerð, einkum um öryggi sæfarenda, varnir gegn mengun og starfsréttindi
- viðurkenningu starfsréttinda og skírteina milli ríkja, gildistíma skírteina og skírteini til að mega gegna sérstökum störfum
- alþjóðlegt samstarf á sviði vinnuréttar
- úrræði til lausnar vanda á erlendri grund.
- fánareglur við siglingar á hafi úti og í höfnum
- reglur um vinnutíma sjómanna og um færslu vaktaskrár

Námsmat

Verkefni á önninni ásamt skriflegu prófi í lok annar.

SJR403 Sjóréttur

Undanfari: SJR302

Áfangalýsing

Í þesum áfanga kynnast nemendur helstu ákvæðum þjóðarréttar og milliríkjasamninga, lögum og reglum sem gilda um landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og eftirliti með nýtingu auðlinda hafsins. Nemendur öðlast þekkingu á helstu ákvæðum alþjóðarréttar og milliríkjasamninga á sviði siglinga og hafréttarmála, helstu sáttmálum og alþjóðasamningum um eftirlit með ólöglegri starfsemi, á lögum og reglum um landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og lögum og reglum um nýtingu auðlinda hafsins, hvort sem er utan eða innan efnahagslögsögu.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- lög og reglur um landhelgi og efnahagslögsögu Íslands
- lög og reglur um veiðar íslenskra og erlendra skipa utan sem innan fiskveiðilögsögu Íslands
- lög og reglur um mengunarvarnir á hafinu
- lög og reglur um meðferð opinberra mála
- ákvæði alþjóðasamninga um siglingavernd
- ákvæði hegningarlaga sem eiga við um brot á ofangreindum lögum
- ákvæði um íhlutunarheimildir í samræmi við ákvæði ofangreindra laga
- réttindi og skyldur þeirra sem starfa í þágu hins opinbera
- ákvæði stjórnsýslulaga
- íslenskt yfirráðasvæði og takmörk þess
- sögu landhelginnar, fiskveiðilögsögu og landhelgisgæslu við Ísland
- ákvæði þjóðarréttar og milliríkjasamninga um landhelgi og úthaf (hafréttar-sáttmálann)
- grundvallaratriði þjóðarréttar og réttarheimildir, ríkið sem þjóðréttaaðila, réttindi og skyldur ríkja, stjórnarskrána
- alþjóðastofnanir
- lögreglumenn og hlutverk þeirra
- meðferð opinberra mála, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hegningarlög og stjórnsýslu

Námsmat

Skriflegt próf í lok annar.

SKP112 Skipstjórn

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Í þessum áfanga öðlast nemandi fræðslu um stjórnök skipa almennt en þó sérstaklega um viðbrögð við óvenjulegum eða afbrigðilegum aðstæðum þannig að hann geti brugist rétt við þegar slíkt kemur upp á ferli hans sem skipstjórnarmanns. Veita á nemendum undirstöðuþekkingu á björgunar- og öryggisbúnaði, um undirbúning að notkun hans og sjósetningu. Nemendur læra gerð neyðaráætlunar og um ráðstafanir sem viðhafa þarf til að tryggja öryggi skips, áhafnar, farþega og farms þegar hættu- eða neyðarástand skapast.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- skjöl sem eiga að vera um borð í skipum til þess að þau teljist haffær og hæf til þeirra nota sem þeim er ætlað
- alþjóðareglur um mælingu skipa
- alþjóðareglur um hleðslu skipa og hleðslumerki
- reglur um lágmarksmönnun og réttindi til þess að mega starfa á skipum
- gerð, hlutverk og inntak neyðaráætlunar
- ráðstafanir sem grípa má til og beitingu stjórnataka við erfiðar og hættulega aðstæður
- viðeigandi ráðstafanir við aðstedjandi hættu eða óhöppum
- framkvæmd æfinga um borð í skipum og viðhald öryggisbúnaðar
- búnað mismunandi tegunda björgunarfara og aðgerðir við sjósetningu þeirra og undirbúning að sjósetningu
- sérstök stjórnök skips og aðrar ráðstafanir við komu og brottför skips
- sérstök stjórnök sem beita skal þegar sigla skal um þröngar siglingaleiðir
- búnað sem nota skal við drátt á skipi og fyrirkomulag hans
- ráðstafanir sem beita má vegna ísingar skips
- viðbrögð og úrræði eftir strand, árekstur eða þegar maður fellur fyrir borð
- stjórnök við siglingu á grunnu vatni
- krafta sem myndast þegar tvö skip sigla mjög nærri hvort öðru
- með hvaða hætti mögulegt er að veita skipum og flugvélum aðstoð í neyð
- með hvaða hætti stjórnvana skipi er lagt til driftar
- hættur við fiskveiðar og siglingu í rekis
- hvað felst í aðskildum siglingaleiðum og sérstökum verndarsvæðum
- hvaða hættur eru samfara siglingu skips undan vindi og öldu
- ráðstafanir sem viðhafa skal við móttöku eldsneytis á hafi úti
- ráðstafanir sem viðhafa skal þegar skip er tekið á land eða sett í kví
- ráðstafanir sem viðhafa skal við olútöku á hafi úti
- aðferðir sem nota má við að koma strönduðu skipi á flot með og án aðstoðar
- ráðstafanir sem beita má þegar veiðarfæri festast í botni
- aðgerðir sem grípa skal til við árekstur skipa eða þegar skip tekur niðri eða strandar
- ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að tryggja öryggi áhafnar og farþega í neyðartilvikum
- ráðstafanir sem grípa skal til við eldsvoða eða sprengingu í skipum
- ráðstafanir og aðgerðir sem framkvæma skal þegar skip er yfirgefið
- notkun neyðarstýris
- björgun manna í neyð og nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að boðum sé komið til björgunaraðila
- ráðstafanir sem grípa skal til þegar maður fellur fyrir borð
- ráðstafanir sem grípa skal til þegar skipuleggja skal leit og björgun
- Code of safety for fishermen and fishing vessels, Part A, og þá hluta sem yfirvöld krefjast að skipstjórnarmenn kunni skil á.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

SLY101 Slysavarnir

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum og veita þeim þekkingu og færni í notkun björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum ásamt þjálfun í réttri notkun hans. Nemendur fá þjálfun í réttum viðbrögðum við aðstæðjandi hættu, óhöppum og slysum. Einnig fá þeir þjálfun í notkun persónulegra varna og öryggisbúnaðar og við að leggja rétt mat á umhverfisaðstæður hverju sinni. Nemandi öðlast þekkingu á þeim björgunar- og öryggisbúnaði sem skylt er að hafa um borð í skipum og kunnáttu í réttri notkun hans. Verklegar æfingar skulu gerðar í meðferð gúmmíbjörgunarbáta, neyðarflugelda og búnaðar til þess að bjarga mönnum úr sjó, þyrlumóttöku, notkun handslökkvitækja og reykjöfun.

Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt og sniðið að þörfum og kröfum farmanna og fiskimanna. Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa fullnægjandi þekkingu á björgunar- og öryggisbúnaði skipa. Hann á að geta notað björgunar- og öryggisbúnað með þeim hætti sem til er ætlast og með þeim hætti sem best tryggir öryggi þeirra sem um borð eru eða þeirra sem eru í hættu staddir.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki aðstæður sem geta leitt til þess að neyðarástand skapist um borð
- þekki reglur um björgunar- og öryggisbúnað skipa
- þekki staðsetningu helstu björgunartækja
- þekki hlutverk, gerð, notkun og búnað lífbáta
- þekki hlutverk, gerð, notkun og búnað gúmmíbjörgunarbáta
- þekki hlutverk gerð, notkun og búnað léttbáta
- þekki hlutverk, gerð og notkun björgunarvesta
- þekki hlutverk, gerð og notkun björgunarhringja
- þekki hlutverk, gerð og notkun björgunarbúninga
- þekki hlutverk, gerð og notkun fluglínutækja
- þekki ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og óhöpp í höfnum
- þekki/ geti notað persónulegan öryggisbúnaði sem skylt er að hafa um borð í skipum
- þekki reglur um búnað til að stöðva spil og vindur í neyð
- þekki hlutverk neyðaráætlana og efni þeirra
- þekki viðbrögð þegar boð eru gefin um eldsvoða eða leka að skipi
- þekki viðbrögð þegar boð eru gefin um að skip skuli yfirgefið
- þekki viðbrögð og ráðstafanir sem gera skal þegar komið er í björgunarför eða í sjó
- þekki viðbrögð og ráðstafanir er hafi að markmiði að gera viðvart um slys bæði fyrir og eftir að skip er yfirgefið
- þekki markmið nýliðafræðslu og geti veitt hana
- þekki ráðstafanir og geti stjórnað aðgerðum við björgun með þyrlu
- geti haft eftirlit með björgunar- og öryggisbúnaði (og um framkvæmd þess eftirlits)
- þekki reglur um eldvarnir í skipum
- þekki aðstæður sem geta skapað eldhættu
- kunni mismunandi aðferðir sem beita má við að slökkva eld
- kunni rétt viðbrögð þegar eldsvoða verður vart
- þekki flokkun efna eftir brennanleika þeirra og notkun eldfimra efna
- þekki brunatæknilega niðurrhólfun skipa, eldvarnarhólf og gildi þeirra
- þekki/ geti notað mismunandi tegundir eða flokka handslökkvitækja
- þekki notkun á brunaslöngum til að slökkva eld og til kælingar
- þekki uppbyggingu og virkni viðvörunarkerfis fyrir eld og reyk
- þekki uppbyggingu og virkni fastra slökkvikerfa

- þekki/geti notað reykköfunarbúnað
- þekki/geti haft eftirlit með eldvarnarbúnaði í skipum og gert prófanir á honum
- þekki fyrstu viðbrögð við slysum og óhöppum
- þekki hættur um borð í skipum og ráðstafanir sem draga úr líkum á slysum og óhöppum, s.s. að standa ekki í skotlínu tauga
- þekki viðbrögð sem grípa skal til þegar maður fellur fyrir borð
- þekki ráðstafanir sem huga þarf að áður en slasaður er fluttur eða færður til
- þekki aðferðir við að kanna lífsmörk hjá slösuðum
- þekki viðbrögð við ofkælingu og brunasárum eða við að fá rafstraum

Námsmat

Nemendur skulu metnir af leiðbeinendum á grunni verklegra æfinga á námskeiðinu. Námskeiðið er viðurkennt af Siglingastofnun Íslands. Nemandi, sem tekið hefur þátt í og lokið grunnnámskeiðinu, fær afhent skírteini sem staðfestir að hann hafi lokið grunnnámskeiði í öryggisfræðslu í samræmi við kröfur Siglingastofnunar Íslands og STCW-samþykktarinnar. Jafnframt skal þátttaka nemanda skráð inn í lögskráningarkerfi sjómanna.

SLY201 Slysavarnir

Undanfari: SLY101

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum þekkingu, færni og getu til að stjórna og sinna slökkvistörfum og framkvæmd æfinga í viðbrögðum við eldsvoða um borð í skipum. Nemandi fræðist um aðgerðir sem viðhafðar skulu til að koma í veg fyrir eldsvoða sem og útbreiðslu hans. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- aðferðir sem beitt skal til að ráða niðurlögum elds um borð í skipum
- skipulag og stjórnun slökkvistarfa
- notkun brunaslanga við slökkvistörf og áhrif uppsöfnunar á sjó á stöðugleika skipa
- nauðsyn góðrar samvinnu og samskipta við slökkvistörf
- gildi þess að loka öllum opum að því rými sem eldur er í til að hefta hann
- gildi þess að reyklosa rými við slökkvistörf og hvenær slík ráðstöfun getur átt við
- ráðstafanir sem grípa skal til við rafmagns- og olíuelda
- ógnir samfara eldsvoðum í skipum, s.s. sprengihættu frá gaskútum og þrýstihyllkjum, myndun hættulegra efna við bruna plastefna, nauðsyn þess að nota hraðloka til að loka lögnum sem fæða olíu, hættu sem stafar af málningu o.s.frv.
- aðstoð sem þarf að veita þeim sem hafa orðið fyrir reykeitrún og meðhöndlun hennar
- möguleika sem önnur skip eða aðrir björgunaraðilar geta veitt á hafi úti og í höfn
- gildi neyðaráætlunar og nauðsyn þess að æfa reglulega viðbrögð við eldsvoða og jafnframt viðbrögð við eldsvoða í mismunandi rýmum skipsins
- uppbyggingu og virkni eldviðvörðunarkerfis í skipum
- uppbyggingu og virkni fastra slökkvikerfa í vélarúmum skipa
- notkun hreyfanlegra slökkvitækja með það að markmiði að ná sem mestum slökkviáhrifum
- gildi kælingar við slökkvistörf
- gerð reykköfunartækja og framkvæmd reykköfunar
- mögulegar orsakir eldsvoða í skipum
- reykköfunarbúnað og þær takmarkanir sem slíkum búnaði er settur hvað varðar hita og lengd reykköfunar

Nemandi geti

- beitt réttum viðbrögðum þegar elds verður vart um borð í skipi
- stjórnað aðgerðum og veitt leiðsögn við að hefta og ráða niðurlögum elds
- skipulagt og samræmt störf þeirra sem samkvæmt neyðaráætlun skips eiga að sinna slökkvistörfum

- lagt mat á þær aðgerðir sem líklegast er að beri árangur við slökkvistörf
- sinnt og hlúð að þeim sem hafa orðið fyrir skaða af völdum reyks og elds og skipulagt aðgerðir til að koma þeim til bjargar sem hafa lokast inni í skipinu
- tekið að sér hlutverk reykkafara samkvæmt neyðaráætlun, undirbúið og framkvæmt reykköfun í reykfylltum rýmum eða í þeim tilgangi að ráða niðurlögum elds án þess að stefna sér sjálfum eða öðrum í voða
- gert grein fyrri helstu reglum um reykköfun og um leit í reykfylltum rýmum

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin af leiðbeinendum á grundvelli verklegra æfinga á námskeiðinu.

SLY301 Slysavarnir

Undanfari: SLY101

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum þekkingu og færni í meðferð og notkun björgunarfara. Þeir eiga að geta notað, með réttum og öruggum hætti, allan björgunar- og öryggisbúnað, s.s. flugelda, blys, talstöðvar og neyðarsenda. Nemandi öðlast þekkingu, færni og getu til að sjósetja og stjórna hinum ýmsu tegundum björgunarfara við mismunandi aðstæður. Nemandi geti annast um vélar og vélbúnað í björgunarförum, sinnt nauðstöddum eftir að skip er yfirgefið og veitt fyrstu hjálp. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt. Verklegar æfingar skulu haldnar til að þjálfra sjósetningu og stjórnun björgunarfara, upptöku björgunarfara um borð í skip og frágang þeirra. Fræðsla og þjálfun skal m.a. felast í aðgerðum sem grípa skal til þegar maður fellur útbyrðis, við sjósetningu björgunartækis, við að ná fólki úr sjó upp í björgunarför og að hlúa að nauðstöddum.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- smíði, gerð og búnað björgunarfara
- hlutverk og notkun þess búnaðar sem björgunarför eru búin
- aðferðir og verklag við sjósetningu björgunarfara
- aðgerðir og verklag við sjósetningu björgunarfara í stórsjó
- aðgerðir og verklag við að ná björgunarfari aftur um borð í skip
- aðgerðir og verklag eftir að skip hefur verið yfirgefið
- áhrif kulda og vosbúðar á líkamstarfsemi manna og aðferðir við að koma í veg fyrir ofkælingu
- hlutverk léttbáts við að halda björgunarförum í nálægð hvert við annað, við að koma þeim sem eru í sjó til aðstoðar og við að halda björgunarförum og þeim sem eru í sjó í hæfilegri fjarlægð frá sökkvandi skipi
- fjarskiptabúnað gúmmíbjörgunarbáta og notkun hans

Nemandi geti

- rétt við björgunarfara eftir að því hefur hvolfst, íklæddur björgunarvesti
- sagt til um merkingar björgunarfara og þýðingu þeirra
- stjórnað eða framkvæmt aðgerðir þegar skip er yfirgefið og farið er um borð í björgunarför og stjórnað eða framkvæmt aðgerðir um borð í björgunarförum til að tryggja sem best öryggi og vellíðan þeirra sem um borð eru
- undirbúið og annast sjósetningu björgunarfara og komið þeim með öryggi frá skipinu
- undirbúið og annast móttöku björgunarfara og komið þeim og þeim sem um borð eru örugglega um borð í skip sem kemur til aðstoðar
- ræst og stjórnað vélbúnaði björgunarfara ásamt búnaði og aðferðum við að kæfa eld í björgunarfari
- stjórnað björgunarfari í stórsjó
- notað og mælt fyrir um notkun fangalínu, kastlínu (taug fram eftir skipi í stefni skips við sjósetningu) og notkun rekakkeris
- veitt viðeigandi og rétta aðstoð þegar þyrlla kemur til björgunar

- notað flugelda og blys með réttum hætti
- beitt lyfjum og tækjum í lyfjakistu björgunarfara og aðferðum við lífgun úr dauðadái
- veitt bráðaaðstoð með því að stöðva blæðingar og meðhöndla ofsahræðslu
- greint minni háttar bilanir í vélbúnaði björgunarfara

Efnisatriði

Kynning og öryggisreglur, neyðarástand, skipið yfirgefið, björgunarför, sjósetningarbúnaður, sjósetning og upptaka björgunarfara, það sem gera skal um borð í björgunarfarinu eftir að það er komið frá skipinu, vélbúnaður björgunarfara, utanborðsvélar í björgunarförum, stjórnök björgunarfara í vondu veðri, ábyrgð stjórnanda um borð í björgunarfarinu og verklegar æfingar.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin af leiðbeinendum á grundvelli verklegra æfinga á námskeiðinu.

SLY402 Leit og björgun

Undanfari: SIG403

Áfangalýsing

Nemendur kynast efni alþjóðasamþykktu um leit og björgun, viðbúnað til leitar og íslenskar reglur um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands. Þá fer fram kynning á hugbúnaði sem nota má við gerð leitaráætla, SAR-tölvur.

Áfangamarkmið

Nemandi geti

- stjórnað og tekið þátt í leit og björgun eftir ákvæðum alþjóða samþykktu
- samið og skipulagt leitaráætlun
- skipulagt samstarf leitar- og björgunaraðila
- leiðbeint skipi í neyð um viðeigandi ráðstafanir eða athafnir
- mælt fyrir um þær athafnir björgunaraðila sem tryggja sem bestan árangur leitar

Námsmat

Skriflegt próf í lok annar.

STJ112 Stjórnun

Áfangalýsing

Nemendur kynast grunnþáttum stjórnunar og fá innsýn í helstu störf stjórnenda, hlutverk þeirra og verkefni. Fjallað er um stjórnunarferli, mismunandi gerðir stjórnskipulaga, setningu markmiða, áætlanagerð, upplýsingastreymi, mat á valkostum og greiningu þeirra, ákvarðanatöku, mælingar og eftirfylgni. Í áfanganum er lögð áhersla á gildi þjálfunar við að viðhalda færni og þekkingu á réttum viðbrögðum við óhöpp og afbrigðilegar aðstæður. Einnig er lögð áhersla á að upplýsa nemendur um samspil stjórnunar og samstarfs og mikilvægi liðsheildarinnar. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist haldgóða þekkingu í stjórnunarfræðum sem þeir geti nýtt sér við skipstjórnarstörf um borð í skipi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grunnhugtök og helstu kenningar í stjórnun
- þekki hvernig þjóðfélagsbreytingar hin síðari ár hafa aukið gildi og nauðsyn góðrar stjórnunar
- þekki stjórnskipulag fyrirtækja, skilgreiningu á valdsviði, ábyrgð og skilvirkar stjórnunaraðferðir

- þekki helstu verkefni og ábyrgðarsvið stýrimanna og skipstjóra sem stjórnenda
- þekki stjórnunarhringinn og hlutverk hans
- þekki mismunandi stjórnunarstíla og hvaða stjórnunarstíll eigi við hverju sinni
- þekki kosti og galla hópverksins og hvernig bregðast skuli við ólíkum uppákomum í hópum
- þekki helstu kenningar og áherslur í gæðastjórnun og geti myndað vinnuhóp til lausnar gæðaverkefnis og hafa tök á einföldustu tækjum gæðastjórnunar
- þekki aðferðir til að fá fólk til samstarfs og geti skýrt mismunandi framferði þess
- þekki leiðir og aðferðir sem beita má til að ná betri árangri í starfi
- þekki hvernig samskipti geta valdið vandræðum og hvernig koma má í veg fyrir vandræði
- þekki aðferðir við að jafna ágreining og leysa vandamál

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

STJ202 Stjórnun

Undanfari: STJ112

Áfangalýsing

Námi í áfanganum er ætlað að veita nemendum þekkingu á áhættu- og öryggisstjórnun svo þeir geti með skipulögðum hætti tekist á við afbrigðilegar aðstæður eða skyndileg atvik sem geta skapað hættu fyrir skipi, áhöfn og farþega. Lögð er áhersla á þætti sem tengjast öryggisstjórnun, gerð neyðaráætlana og ráðstafanir til að tryggja sem best öryggi áhafnar og farþega til samræmis við alþjóðlegar kröfur. Nemendum eru kynnt viðbrögð og verklagsreglur er taka til afbrigðilegra aðstæðna og viðbrögð við hættuástandi auk þess sem fjallað er um hlutverkaskipan áhafnar samkvæmt neyðaráætlun eða viðbragðsáætlun og um þjálfun áhafnar.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hvað felst í hugtakinu öryggisstjórnun
- áhrif slysa á vinnuumhverfi og starfsanda
- nauðsyn virkrar áhættustjórnunar
- bestu leiðir til uppbyggilegra boðskipta og skoðanaskipta
- nauðsyn þess að setja sér skýr, vel skilgreind og raunhæf markmið í umhverfis- og öryggismálum
- samskipta- og boðleiðir
- forgangsröðun verkefna
- gerð áhættugreiningar, afleiðingar og líkindi
- nauðsyn þess að leiðbeina og hvetja til að ná settum markmiðum
- viðbrögð og fyrirmæli þegar skip kennir grunns eða leki kemur að því
- viðbrögð og fyrirmæli þegar skip eru hættulega nærri hvort öðru og hætta er á árekstri
- aðferðir sem beita má til að kanna hvort skip sé laskað eða hvort því sé hætta búin
- aðferðir sem beita má til að hindra að skip verði innlyksa í hafis og ráðstafanir sem beita má við siglingu í hafis
- helstu þætti sem huga þarf að við björgun manna úr hafsnaud annaðhvort úr sjó eða frá skipi í yfirvofandi neyð
- helstu aðferðir sem beita má til að tryggja betur öryggi skips eftir að það hefur orðið fyrir áfalli sem ógnar öryggi þess
- innihald neyðaráætlunar og neyðarfyrirmæla
- ráðstafanir við flutning á hættulegum farni
- verkaskiptingu áhafnar og viðbrögð þegar einhverjir úr áhöfn forfallast
- fyrirkomulag og framkvæmd þjálfunar um bord í skipum
- markmið, undirbúning og inntak þjálfunar á skipum

- inntak og markmið ISM-kóðans
- skyldur skipstjóra og skipstjórnamanna samkvæmt ákvæðum ISM-kóðans

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

STJ303 Stjórnun

Undanfari: STJ202

Áfangalýsing

Nám í áfanganum á að veita nemendum þekkingu og færni við að setja fram starfsmannastefnu. Þeir eiga að geta skilgreint hæfniskröfur sem þarf til tiltekinna starfa, skipulagt þjálfunaráætlun sem á að bæta hæfni starfsmanna og brugðist við forföllum eða fjarveru með virku varamannakerfi. Mikilvægt er að nemendur geti túlkað ákvæði kjarasamninga og sett upp ráðningarsamninga á grundvelli þeirra ásamt gerð starfslýsinga. Einnig á að kynna nemendum og veita þeim þekkingu og færni í starfsmanna-, verkefna- og tímastjórnun.

Áfangamarkmið:

Nemandi þekki

- grunnhugtök og helstu kenningar í starfsmannastjórnun
- helstu þætti sem þarf að hafa í huga við starfsmannastjórnun í fjölþjóðaumhverfi
- helstu hindranir breytinga
- aðferðir við að skipuleggja og framkvæma árangursríkar breytingar án þess að úlfúð skapist í kjölfar þeirra
- helstu þætti verkefnastjórnunar og helstu hugtök í áætlanagerð
- notkun Gannt-rita og CPM-rita til verkáætlunar ásamt gerð fjárhags-áætlana með kennitölum
- undirstöðuatriði tímastjórnunar
- hvað felst í GTT-mælingu til að ákvarða vinnuálag og hvernig hún er framkvæmd
- aðferðir við einfalda greiningu á vinnuferlum og geti gert tillögur um hagræðingu á vinnustað
- hvað felst í valdaframsali og hvaða störf ekki má framselja
- hugtökin framlegðaraukning og framleiðniaukning og geti greint á milli þeirra
- helstu þætti sem hafa áhrif á framleiðni
- tilgang og skipulag framleiðnieftirlits til að bæta árangur
- aðferðir við að mæla framleiðni

Námsmat

Skriflegt próf og eða verkefni á önninni.

STJ402 Stjórnun

Undanfari: STJ303

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum þekkingu á helstu þáttum starfsmannastjórnunar í fjölþjóðaumhverfi ásamt því að kynna nemendum ýmsa þætti er lúta að reglum og skipulagi starfsmannamála, verkefnastjórnunar og áætlanagerðar. Nemendur skulu geta framkvæmt einfalda greiningu á vinnuferlum og gert tillögur að hagræðingu á vinnustað.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu þætti starfsmannastjórnunar í fjölþjóðaumhverfi
- helstu þætti sem lúta að hindrunum við breytingar á skipulagi og aðferðum sem beita má til að ná sem mestri sátt við þá sem breytingarnar ná til

- efni ráðningarsamninga og túlkun kjarasamninga þannig að hann geti túlkað kjarasamninga fyrir starfsmönnum og sett upp ráðningarsamninga og starfslýsingar
- helstu þætti og hugtök verkefnastjórnunar og stjórnun breytinga
- helstu þætti og hugtök áætlanagerðar
- helstu þætti sem lúta að valdsviði skipstjóra, valdaframsali og umboðssýslu, þ.m.t. hvað felst í valdaframsali og hvaða vald og ábyrgð má ekki framselja
- þætti er lúta að forystuhlutverki yfirmanna og að þjónustusiðum og þýðingu þeirra.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STL102 Stöðugleiki skipa

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum undirstöðupekkingu á stöðugleika og burðargetu skipa þannig að þeir skynji helstu þætti sem ráða mestu um hleðslu og stöðugleika og geti skilið og gert sér grein fyrir stöðugleika skips með því að kynna sér stöðugleikagögn þess. Nemendur geri sér grein fyrir hvernig stöðugleiki skips breytist með breyttri hleðslu. Þeir öðlast þekkingu og skilning á tilgangi stöðugleikaútreikninga, afleiðingum þess ef þungi er færður til innan skips, ráðstöfunum sem bæta eða rýra stöðugleika skips og hvernig meta má stöðugleika skips á grundvelli stöðugleikagagna. Nemendur geti lestað eitt skipsmódel og reiknað út nýtt GM og nýja djúpristu skipsins.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- grundvallarhugtök og heiti sem varða stöðugleika skipa:
 - grunnlínu
 - miðlínu
 - djúpristu
 - meðaldjúpristu
 - særými
 - sæþunga
 - eigin þyngd skips
 - eðlisþyngd sjávar
 - hleðsluskala
 - hleðslumerki
 - þyngdarpunkt (G) og KG,
 - uppdrift og uppdrifsmiðju (B)
 - málmiðju (M)
 - málmiðjuhæð, („metacenterhæð“) (GMt)
 - réttarminn (GZ) og réttivægi
 - stöðugleikalínurit (GZ-línurit)
 - flutning þyngdarpunkts (GG_1) við færslu þyngda um borð
 - flutning uppdrifsmiðju (BB_1) við færslu þyngda og leit að nýrri jafnvægisstöðu
 - byrjunarstöðugleika
 - mesta stöðugleika
 - endingu stöðugleikans
 - áhrif aukins fríborðs á stöðugleika skipa
 - áhrif aukinna lokaðra yfirbygginga á stöðugleika skipa
 - áhrif þyngdartilfærslna á stöðugleika skipa
 - stöðugleikagögn.
- grunnþætti skipahönnunar:
 - grundvallarálag á þilför og bol skipa frá sjóálagi eða geymum skipa
 - hönnun burðarvirkis í skipum, bandagerðir, byrðings- og þilfarsþykkt og stöðaskipan

- hættu á „slamming“
- hegðun skips í sjó með tilliti til stöðugleika

Nemandi geti

- skilgreint helstu hugtök og grunnpunkta stöðugleikans
- reiknað út legu þyngdarpunkts lestaða skipsins
- tekið upplýsingar út úr einfaldri hleðslutöflu
- teiknað stöðugleikalínurit og lesið upplýsingar úr því
- notað stöðugleikagögn skipa
- greint frá uppbyggingu skipsbols og þilfara
- greint frá hegðun skips með tilliti til stöðugleika og lögunar þess
- gert stöðugleikalínurit og metið stöðugleika skipa út frá því
- reiknað út flöt undir stöðugleikakúrvu og borið saman við lágmarkskröfur IMO

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STL213 Stöðugleiki skipa

Undanfari: STL102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlega þekkingu á undirstöðuþáttum varðandi stöðugleika skipa þannig að þeir skynji hvaða ytri og innri þættir hafa áhrif á raunverulegan stöðugleika skips, hver þau áhrif kunni að verða og til hvaða mótvægisáðgerða megi grípa til að viðhalda og tryggja stöðugleika. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á forsendum þeirra stöðugleikaútreikninga sem gilda um skip og afleiðingum þess ef þær forsendur er ekki til staðar. Þeir átti sig á áhrifum farms á stöðugleika skips, áhrif hífinga á stöðugleikann svo og á þeim áhrifum sem ytri kraftar geta haft á stöðugleika skips og valdið því að hann glatast.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- forsendur þess að skip hafi raunverulega þann stöðugleika sem stöðuleikagögn tilgreina
- áhrif stöðugleika skips á hreyfingar þess
- utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á stöðugleikann (t.d. áhrif ísingar og veiðarfæra í festu)
- nokkur grundvallarhugtök og heiti er varða stöðugleika skipa
 - formstuðla
 - hydrostatísk línurit
 - MS (KY)-línurit
 - GZ-línurit
 - lestarými (kapacitetsplan)
 - tankaplan
 - velti- og hallatilraun
 - stafnhalla
 - stafnhallavægi (S)
 - sökþunga (T)
 - breytingu á stafnhallavægi
 - trimmtöflu og „trimdíagram“
- áhrif andveltigeymis á skip og hreyfingar þess
- tilgang og framkvæmd hallaprófunar
- reglur sem gilda um stöðugleika skipa

Nemandi geti

- lesið úr línurítum, línuteikningum og hleðslutöflum sem notaðar eru við stöðugleikaútreikninga
- reiknað út stöðugleika skipa við tiltekna hleðslu (store vægt)
- reiknað út stöðugleikaarma og gert stöðugleikalínurit

- metið hvort stöðugleikakröfum sé fullnægt
- reiknað út áhrif óhefts vökva í tönkum á stöðugleikann
- reiknað út breytingu á stöðugleika við þungatilfærslu eða þyngdarbreytingu á skipi
- nýtt sér útreiknuð hleðslutilvik sem fylgja skipi frá skipasmíðastöð eða öðrum sérfræðingum
- reiknað djúpristubreytingu, stafnhalla og stafnhallabreytingu

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STL302 Stöðugleiki og hleðsla skipa

Undanfari: STL213, STÆ 122

Áfangalýsing:

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum ítarlegri þekkingu á undirstöðuþáttum varðandi hleðslu og stöðugleika skipa þannig að þeir skynji hvaða ytri og innri þættir geta haft áhrif á raunverulegan stöðugleika skips, hver þau áhrif kunni að verða við breytingar á umhverfisþáttum og við þyngdartilfærslu innan skips. Nemendur geri sér grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða megi grípa til að viðhalda og tryggja stöðugleika skips. Þeir öðlast þekkingu á reglum um hleðslu flutningaskipa og tilhögun hleðslu með tilliti til stöðugleika og hleðslumerkja. Þeir öðlast þekkingu og skilning á forsendum þeirra hleðslu- og stöðugleikaútreikninga sem gilda um skip og afleiðingum þess ef þær forsendur eru ekki til staðar. Nemendur geti áttað sig á þeim ytri kröftum sem geta haft áhrif á stöðugleika skips og valdið því að hann rýrnar eða glatast. Verklegar æfingar skulu fara fram í stöðugleikalíkani.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- reglur um mestu hleðslu skipa
- árstíða- og svæðisbundin hleðsluhámörk
- breytingar sem verða á stöðugleika og hleðslu skips við að sigla úr fersku vatni í sjó og öfugt
- breytingar sem verða á stöðugleika og legu skips í sjónum við lestun og losun
- stöðugleikakröfur IMO
- rýrnum stöðugleika vegna óhefts yfirborðs í tönkum, geti gert og metið stöðugleikalínuritið
- tilgang og framkvæmd velti- og hallatilauna
- ráðstafnir sem viðhafa þarf við lestun og losun þungavöru
- ráðstafanir sem viðhafa má þegar að farmur raskast og veldur varanlegri slagsíðu

Nemandi geti

- reiknað út réttiarma og legu skipa við allar aðstæður
- reiknað út stafnhalla og breytingar á stafnhalla við þyngdarflutning langskips
- reiknað út áhrif óhefts yfirborðs vökva
- reiknað út áhrif þess á stöðugleika að dæla sjókjölfestu á milli geyma
- reiknað út sumar-, vetrar- og hitabeltishleðsluhámark skipa
- reiknað út leyfilega lestun skipa í sjó sem hefur minni eðlisþunga en 1,025 t/m³.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STL413 Stöðugleiki og hleðsla skipa

Undanfari: STL302

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að auka færni nemenda og skilning á þeim þáttum sem ráða stöðugleika skipa svo og á þeim takmörkunum sem hleðslu skips eru settar með tilliti til stöðugleika og álags á skipsbolinn. Nemendur kynnst notkun stöðugleikatölva og stöðugleika- og hleðsluforrita. Nemendur geti með aðstoð slíkra forrita metið djúpristubreytingar vegna aukinnar hleðslu og áhrif kjölfestu á hleðslu og stöðugleika. Einnig skal nota stöðugleikaforrit til að skoða mögulega umhleðslu á farmi eða losun farms þegar skip hefur tekið niðri eða strandað. Nemendur vinna æfingaverkefni í stöðugleika. Verklegar æfingar fari fram í stöðugleikalíkani. Nemendur fái kynningu á reglum um flutning á hættulegum farmi, um flokkun hættulegs farms og um hættur samfara flutningi á skriðfarmi.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- þá krafta sem virka á skipsbolinn og burðarvirki hans
- notkun hleðslutölva og stöðugleika- og hleðsluforrita
- flokkakerfi International Maritime Dangerous Goods (IMDG)
- alþjóðareglur og ályktanir um flutning á farmi, sérstaklega þó um flutning hættulegs farms (International Maritime Dangerous Goods Code – IMDG), þ.m.t. skriðfarma

Nemandi geti

- reiknað út tilfærslur eða losun farms til að ná skipi á flot og fara með skip í þurrkví
- reiknað út stafnhallabreytingar á skipum sem hafa strandað
- reiknað út hvað þarf að losa úr skipum sem hafa strandað í allan kjölinn
- reiknað út rýrnun á stöðugleika skipa sem er verið að taka í slipp eða þurrkví þegar skipið sest á kjölinn
- notað lestunar- og stöðugleikaforrit um borð í skipum
- gert stöðugleikaforrit fyrir skip
- gert einfalt hleðsluforrit í Excel eða með sambærilegum hugbúnaði
- ákveðið hvernig best er að lesta skip með tilliti til þess farms sem verið er að flytja og til öryggis og alþjóðlegra reglna um stöðugleika skipa

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STL504 Stöðugleiki og lestun skipa

Undanfari: STL413

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum búnað, aðferðir og verklag við lestun og losun farms, sérstaklega að því er varðar flutning á gámum. Nemendur kynnst reglum um flutning á hættulegum efnum, þ.m.t. á skriðfarmi, og um stöðugleika skips í leku ástandi (lekastöðugleiki). Nemendur öðlast þekkingu á lestun og losun farms og við sjóbúning á farmi. Nemendur kunna skil á þeim reglum sem gilda um flutning á lausu korni, um flutning á olíu og gasi og á reglum um stöðugleika og öryggi skips í leku ástandi. Nemendur verða færir um að útbúa ítarlega hleðsluáætlun fyrir skip og skila henni fyrir lok áfangans einnig öðlast þeir þekkingu á Draft survey-útreikningum og aðferðum við að framkvæma Draft survey.

Þeir sem ljúka þessum áfanga skulu jafnframt hafa fullnægt kröfum um menntun og þjálfun til flutnings á hættulegum efnum og skulu öðlast IMDG-réttindi að loknu námskeiði.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- búnað og aðferðir við lestun og losun gáma úr gámaskipum, þ.m.t. krana, spreddum sjóbúnað gáma og geti áttað sig á lestunar- og losunarhraða
- sjóbúnaðarleiðbeiningar skipa, Cargo securing manual
- helstu tegundir hættulegra efna og flokkunar þeirra, IMDG
- merkingar á farmi sem telst innihalda hættuleg efni, IMDG
- helstu sérákvæði sem gilda um flutning á hættulegum efnum, þ.m.t. olíutegundum, IMDG
- helstu sérákvæði sem gilda um flutning á skriðfarmi, s.s. lausu korni
- viðbrögð þegar hættuleg efni leka úr umbúðum eða berast frá farmi
- hleðslurúmtak, þenslu og eðlismassa olíu
- tilgang og framkvæmd Cargo survey, þ.m.t. áhrif mismunandi eðlismassa sjávar á djúpristu, trimmleiðréttingar og djúpristumælingar
- hleðslu á farmi með skriðhorn minna en 35° (korn)
- áhrif þess á hleðslu skips, friborð og stöðugleika ef leki kemur að skipi og viðkomandi vatnspétt hólf skipsins fyllast af vatni
- almennar ráðstafanir við lestun og losun skipa
- reglur um lekastöðugleika

Nemandi geti

- framkvæmt Draft survey
- útbúið hleðsluáætlun fyrir skip
- lagt mat á útreikninga á lekastöðugleika skips og þær forsendur sem þeir útreikningar byggjast á

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

STÆ423 Stærðfræði

Undanfari: STÆ303

Áfangalýsing

Efni áfangans er stærðfræði fyrir fyrirtækjarekstur, hagnýt verkefni. Línuleg og ólínuleg líkön af framboði og eftirspurn: markaðsjafnvægi; tekju-, kostnaðar- og hagnaðarföll, verðteygni eftirspurnar og framboðs. Fjármálareikningur: ávöxtun, afvöxtun, greiðsluraðir, annuity, núvirðing. Gerð verkefni unnin í tölvu um efnið. Tölfræði: töluleg úrvinsla, myndræn framsetning, verkefni í töflureikni.

Áfangamarkmið

Nemandi hafi þekkingu á

- hagnýtri stærðfræði fyrir fyrirtækjarekstur
- línulegum og ólínulegum líkönum af framboði & eftirspurn:
- markaðsjafnvægi
- tekju-, kostnaðar- og hagnaðarföllum,
- verðteygni eftirspurnar og framboðs
- fjármálareikningi: ávöxtun, afvöxtun, greiðsluröðum, annuity, núvirðingu
- ölfraði: tölulegri úrvinnslu, myndrænni framsetningu, verkefnum í töflureikni

Námsmat

Vetrarstarf og skriflegt próf í lok annar.

UTN103 Notkun upplýsinga og tölva í námi

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að tryggja að nemandinn geti notað fjölbreyttan hugbúnað og upplýsingar á margvíslegu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu. Áfanginn er fyrir

nemendur á fyrstu önn í framhaldsskóla. Í áfanganum verður farið yfir tölvubúnað og hvernig best má hagnýta hann í námi við skólann. Farið verður yfir hvernig nemandinn getur sett fram eigið efni á neti skólans og kynntar leiðir til að hagnýta upplýsingatækni í almennu námi. Fjallað verður um almenn atriði upplýsingalæsis, m.a. verður farið yfir gögn um upplýsingaöflun, útgáfuform upplýsinga, bókasöfn, handbækur, tölvusamskipti, mat á gæðum og áreiðanleika upplýsinga o.s.frv. Áfanginn getur verið samstarfsverkefni tölvukennara og bókasafns- og upplýsingafræðings.

Áfangamarkmið

Nemandi

Tölvunotkun

- þekki staðarnet skólans og þann hugbúnað sem honum stendur til boða
- geti beitt þeim hugbúnaði, sem er til í skólanum, í réttu samhengi við annað nám í skólanum
- geti sjálfur aflað sér þekkingar um hvernig hagnýta má upplýsingatækni í tengslum við nám sitt
- geti sett fram þá þekkingu, sem hann aflar sér í námi sínu, á tölvutækan hátt, s.s. í gagnasafni, með myndrænni framsetningu tölfraðilegra gagna, á margmiðlunarformi með tónlist, myndum, kvikmyndum og stiklutexta
- geti rætt um verkfæri og viðfangsefni upplýsingatækninnar á réttri íslensku
- sýni ábyrgð og siðvendni í vinnu sinni á staðarneti skólans sem og Internetinu

Upplýsingalæsi

- þekki helstu atriði í sögulegri þróun upplýsingamála
- fái innsýn í tilurð, eðli og hagnýtingu upplýsinga
- þekki helstu aðferðir við skráningu og miðlun upplýsinga, hvort sem er á stafrænu formi eða ekki
- þekki helstu tegundir upplýsingasafna
- geti aflað sér upplýsinga um fjölbreytt efni eftir margvíslegum leiðum
- öðlist færni í að meta gæði, áreiðanleika, uppruna og gildi upplýsinga
- þekki helstu lagaleg, siðferðisleg og félagsleg atriði er varða söfnun, geymslu og miðlun upplýsinga

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, t.d. vefsíðu á margmiðlunarformi, um námsefni áfangans eða annars áfanga sem nemandinn er í samhliða náminu í UTN103. Hægt er að meta verkefnið með tilliti til útlits, framsetningar og yfirgríps, hversu læsilegt efnið er og hversu vel það er tengt með stikutexta á skipulegan hátt, hvernig innihald efnisins er sett fram, hvort sýnt er fram á ný tengsl þekkingar; einnig með tilliti til frumkvæðis nemandans, upplýsingagildis og vals á áreiðanlegum og traustum heimildum o.fl.

TÖL202 Tölvufræði

Undanfari: UTN103

Áfangalýsing

Farið í stýrikerfi tölvunnar og jaðartæki. Kynnt helstu notendaforrit svo sem ritvinnsluforrit (Microsoft Word) og póstforrit (Microsoft Office Outlook) og mikilvægustu skipanir þeirra æfðar. Útskýrður tilgangur og starfsemi töflureiknis (Microsoft Excel), töflur settar upp, skipanir æfðar og notkunar svið skoðuð. Microsoft PowerPoint kynnt, settar upp kynningar og farið í helstu skipanir. Gagnagrunnskerfið Access kynnt og sett upp einföld gagnasöfn.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni helstu atriði er varða stýrikerfi tölvu
- sé sjálfbjarga við notkun ritvinnsluforríts, töflureiknis, PowerPoint og námsskjár
- hafi innsýn í notkun gagnagrunnskerfis (Access)

Námsmat

Skyndipróf og æfingar í notendaforritunum (50%) og verklegt próf í lok annar (50%).

UMF102 Umhverfisfræði

Undanfari: NÁT123

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum almenna fræðslu um utanaðkomandi ógnir við lífríki sjávar, áhrif sem útgerð skipa hefur eða getur haft á umhverfisþætti og þær reglur sem settar hafa verið í þeim tilgangi að draga úr þeim áhrifum. Nemendur kynnst þáttum sem stuðla að eða geta valdið mengun eða breytingum á umhverfisþáttum og geri sér grein fyrir þeim afleiðingum sem þær breytingar kunna að hafa á lífríki sjávar. Almennt skal fjallað um mengun lofthjúps og áhrif hennar á veðurfar, hafstrauma, einnig áhrif mengunar á lífríki sjávar, s.s. á örverumyndanir í fjörðum og flóum, sem valda súrefnisþurrð í sjó o.s.frv. Jafnframt er fjallað um þær hættur sem lífríki sjávar stafar af mengun frá skipum og lög og reglur sem gilda um mengunarvarnir ásamt því að fjalla um einstök mengunaratvik, orsakir þeirra og viðbrögð.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu tegundir mengunar sjávar og uppruna hennar
- ákvæði alþjóðasamþykktar til að koma í veg fyrir mengun sjávar, MARPOL
- ákvæði íslenskra laga um varnir gegn mengun hafs og stranda
- reglur um olíumengun frá skipum og ráðstafanir sem gera skal til að koma í veg fyrir hana
- reglur um flutninga á olíu og mengandi efnum í farmi skipa og þær ráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farmsins
- reglur um skólþ frá skipum, um losun á skólpi og ráðstafanir til að koma í veg fyrir skólpmengun
- reglur um sorp frá skipum og kröfur um losun sorps í höfnum
- reglur um loftmengun frá skipum og þær kröfur sem framfylgja skal í þeim efnum
- takmarkanir á notkun tiltekinna eldsneytistegunda við siglingu skipa á tilteknum hafsvæðum
- reglur um tilkynningar til stjórnvalda, íslenskra sem erlendra, um mengunarslys eða óhapp
- reglur og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun sjávar frá skipum eða farmi vegna eiturefna og efna sem geta verið hættuleg mönnum
- notkun ósoneyðandi efna, reglur sem gilda um slík efni og hvernig skuli með þau fara
- notkun tinfrírri málningartegunda og áhrif þeirra á lífríki sjávar
- alþjóðareglur um sjókjölfestuskripti í hafi, um gildissvið og um farmkvæmd þeirra ákvæða
- efni sem notuð eru í skipum og geta verið hættuleg séu þau ekki notuð með réttum hætti
- eftirlit með því að reglum sé framfylgt
- viðbragðsáætlanir við mengunaróhöppum, SOPEP, og efni þeirra

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

VEÐ102 Veðurfræði

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga kynnast nemendur grunnþáttum veðurfræðinnar, þ.e. samspili þeirra náttúrufyrirbæra sem stjórna veðri og veðurbreytingum. Fjallað er um áhrif veðurs á sjólag og öryggi á sjó. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist nægilega haldgóða þekkingu og færni í veðurfræði til að þeir geti, á grundvelli upplýsinga um veður og veðurútlit, lagt mat á veðurhæð og sjólag með tilliti til sjósóknar eða siglinga.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- eðlisfræðilega þætti sem orsaka veður og veðurbreytingar
- myndun háþrýstisvæða og lágþrýstisvæða og áhrif þeirra á veður
- sérkenni veðurkerfa almennt, veðurkerfi á Norður-Atlantshafi og við Ísland
- daglega og árlega sveiflu í hitastigi og þróun vinda með tilliti til hitamismunar
- þróun raka og skýjamyndunar til þokumyndunar
- veðurskilyrði þar sem skipi kann að vera hættu búin að því er varðar sjólag, hættu á straumhnútum eða vegna hættu á ísingu, háð stærð þeirra og gerð
- samspil vinds og sjólags
- spásvæði við Ísland

Nemandi geti

- aflað og nýtt sér upplýsingar um veður og veðurspár eða veðurkort til að meta aðstæður til sjósóknar og siglinga
- notað veðurathugunartæki um borð í skipum og gert veðurathuganir með þeim
- skráð og metið innihald veðurskeyta

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

VEÐ202 Veðurfræði

Undanfari: VEÐ102

Áfangalýsing:

Nám í þessum áfanga á að veita nemendum dýpri þekkingu á ýmsum þáttum veðurfræðinnar, fjallað er um veðurfyrirbæri sem eiga sérstaklega við á fjarlægari hafsvæðum. Nemendur skulu öðlast þá þekkingu á veðri, vindi og hafstraumum að þeir geti valið sér heppilegustu leið yfir hafið með tilliti til þessara þátta ásamt því að þekkja veðurfarsvæði jarðar, staðvinda, fellibylji, hafíssvæði o.fl.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- þá eðlisfræðilegu þætti sem geta haft áhrif á veður og þá sérstaklega myndun óveðurs
- afleiðingar þess ef loftþrýstingur fellur hratt og samspil falls í loftþrýstingi og vinds
- aðferðir við að mæla vindhraða og loftþrýsting
- myndun fellibylja og hættu sem af þeim stafar
- samspil vinds, vindhraða og öldufars og hættu á brotöldu/straumhnútum
- aðstæður þar sem ísing getur myndast og aðgerðir til að komast út úr veðuraðstæðum þar sem ísing myndast á skipi
- aðgengi að upplýsingum um veðurspár og veðurlýsingar hvar sem er í heiminum, þ.e. veðurkortaútsendingar, veðurkortamóttakara
- gögn og aðferðir sem nota má til að velja hagkvæmar og öruggar siglingaleiðir með tilliti til vinda, veðurs og hafstrauma (Weather Routeing)

Nemandi geti

- notað þau tæki sem til staðar eru í stærri skipum til sjálfstæðra veðurathugana

- hagað siglingu skips með tilliti til veðurspár
- brugðist við tilkynningum um fellibylji, skýstrokka og risaöldur (Tusami)

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

VET102 veiðitækni

Undanfari: SJÓ102, HAF102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum gerð, uppbyggingu og notkun þeirra veiðarfæra sem notuð eru í íslenskum sjávarútvegi auk þess sem kynnt eru valin veiðarfæri sem notuð eru erlendis. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á veiðihæfni einstakra veiðarfæra og atferli fisktegunda gagnvart þeim. Þeir læra að þekkja eiginleika veiðarfæra við mismunandi aðstæður, kjörhæfni veiðarfæra með tilliti til veiða á ákveðnum fiskitegundum og þess aukaafli sem gjarnan fæst í ákveðin veiðarfæri, kjörhæfni veiðarfæra með tilliti til lífríkis á sjávarbotni og áhrif notkunar þeirra á sjávarbotninn. Fjallað er um áhrif sjávarstrauma á dráttarhraða botn- og flottrolla með tilliti til sjóflæðis í gegnum veiðarfærið. Kynnt eru nemakerfi sem eru í notkun og framtíðarhorfur í tækni sem snýr að því að skipstjórnarmaðurinn fái raunupplýsingar um það sem er að gerast í veiðarfærinu. Farið er í tegundir og eiginleika veiðarfæra.

Veiðarfæri sem eru dregin:

Hlerategundir og tækni sem beitt er í veiðum á botn- og uppsjávarveiðum.

Lengd á togvírur miðað við mismunandi dýpi.

Lengdir á gröndurum miðað við tveggja og þriggja grandara veiðarfæri

Sjóþyngdir þeirra efna sem notuð eru í veiðarfæri.

Ummál togveiðarfæra og flatarmál neta miðað við mismunandi fellingu.

Staðbundin veiðarfæri:

Netaveiðar, veiðisvæði og sá búnaður sem notaður er til netaveiða bæði á grunn- og djúpslóð. Lagningsstefnur þegar trossur eru lagðar og bil á milli trossna við þröngar aðstæður.

Línuveiðar, veiðisvæði og sá búnaður sem notaður er til línuveiða bæði á grunn- og djúpslóð. Lagningsstefnur, hvernig lína er lögð og bil á milli við þröngar aðstæður.

Gildruveiðar og sá búnaður sem notaður er við gildruveiðar.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- netaveiðar
 - lagningu og drátt neta
 - heiti einstakra hluta veiðarfærisins
- línuveiðar
 - lagningu og drátt línu
 - heiti einstakra hluta veiðarfærisins
- dragnót,
 - drátt dragnótar
 - heiti einstakra hluta veiðarfærisins
- togveiðar
 - drátt á trolli
 - heiti einstakra hluta veiðarfærisins
- hlutverk einstakra hluta veiðarfæra og samspil þeirra á milli
- hegðun og stöðugleika veiðarfæra í sjó
- þá þætti sem ráða veiðihæfni veiðarfæris
- efnisnotkun í veiðarfærum
- hegðun og atferli fiska gagnvart veiðarfærum og leitartækjum

- notkun tækja við fiskileit
- notkun aflanemakerfa.

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

VIÐ102 Viðhaldsstjórnun

Áfangalýsing

Nemendur öðlast þekkingu og skilning á gildi gæðakerfa og færni við að setja upp gæðahandbók og að taka þátt í skipulögðu gæðastarfi á vinnustað, setja upp einfalt gæðakerfi á grunni viðhaldsstjórnunar og viðhaldsáætlana vegna gæðaeftirlits og fyrirbyggjandi viðhalds. Nemandi setur upp verkþáttarít, reiknar út heildarverktíma og finnur kritísku línuna (cpm). Nemandinn lærir að þekkja og tileinka sér kröfur alþjóðasampykta um öryggisstjórnunarkerfi að því er lýtur að starfsskipulagi í vélarrúmi skipa.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- hlutverk, ábyrgð, starfssvið og störf vélstjóra á stærri skipum
- hlutverk reglur og starfshætti þeirra sem hafa með höndum eftirlit með skipum og mannvirkjum á landi
- uppbyggingu og markmið mismunandi viðhaldskerfa og viðhaldsstjórnunar
- flokkunarkerfi, svo sem SFI-kerfið
- tilgang og notkun viðhaldsforrita fyrir vélbúnað
- helstu gerðir viðhaldskerfa
- helstu tæki sem notuð er við ástandsskoðun og til fyrirbyggjandi viðhalds
- helstu tegundir brotsára í málum og helstu tegundir NDT-prófana
- uppbyggingu viðhaldsforrita
- uppbyggingu og markmið verkþáttarita (cpm)
- grundvallarhugtök gæðastjórnunar og gæðavottunar
- markmið og uppbyggingu gæðakerfa og gæðahandbóka
- gildi viðskiptamannsins fyrir fyrirtækið
- verklag við gæðavottun fyrirtækja
- markmið og hlutverk öryggisstjórnunarkerfa, þ.m.t. ISM-kóðans
- uppbyggingu ISM-kóðans og þær kröfur sem kóðinn gerir til vélstjóra
- helstu aðferðir við tæringarvarnir í skipum og á hverju þær aðferðir byggjast
- helstu málningarkerfi sem notuð eru við tæringarvarnir í skipum
- helstu verkbókhaldskerfi

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

VOP102 Vopn og verjur

Undanfari: STJ303

Áfangalýsing:

Nám í þessum áfanga á að kynna nemendum helsta varnarbúnað sem notaður er við lögreglustörf og örugga meðferð hans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist þjálfun í notkun og beitingu kylfu, handjárna og varnarbúnaðar með öruggum hætti
- öðlist þekkingu á vopnum og æfingu í öruggri meðferð og beitingu þeirra

- kynnist helstu þáttum skotvopnafræði og öðlast þekkingu á æfingu í öruggri meðferð þeirra og beitingu
- kynnist helstu tegundum sprengiefna og fá æfingu í meðferð þeirra
- geti umgengist sprengiefni með öruggum hætti

Námsmat

Skriflegt próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

VST103 Vélstjórn

Áfangalýsing

Í þessum áfanga skal nemandi öðlast þekkingu á uppbyggingu og virkni mismunandi vélagerða, þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu og virkni bulluvéla, íhlutum eða einingum sem brunavél samanstendur af og hlutverki þeirra. Einnig skal fjallað um þau véla- og lagnakerfi sem þjóna brunavélum. Nemandur skulu öðlast nægilega haldgóða þekkingu og færni í notkun véla og vélakerfa að þeir séu færir um að þjóna og stjórna vélbúnaði í minni skipum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki vinnuhring dísil- og ottómótors, bæði munnlega og skriflega
- þekki flokkun aflvéla eftir gerð, uppbyggingu og gerð eldsneytis
- þekki grundvallarhugmyndir að baki bulluvélinni, byggingu hennar og geti nafngreint helstu íhluti hennar og lýst hlutverki þeirra
- þekki mismunandi uppbyggingu, notkun og eiginleika hraðgengra og hæggengra bulluvéla
- þekki mismunandi aðstreymi eldsneytis og lofts í ottóvél og dísilvél
- þekki vinnuhring tvígengis- og fjörgengis bulluvéla og helstu mæligildi
- þekki þau kerfi sem þjóna vélum skipa, hlutverk þeirra og uppbyggingu í minni skipum, hvaða hlutverki þau þjóna og með hvaða hætti
- þekki eldsneytisolúkerfi skipa og einstaka þætti þess frá daghylki að eldsneytisloka
- þekki aðferðir og tæki sem beitt er við prófun eldsneytistækja, rekstur og viðhald þeirra
- þekki hlutverk forþjöppu og uppbyggingu hennar
- þekki blöndun og hlutföll eldsneytis og lofts
- þekki snúningshraðastillingu véla
- þekki uppbyggingu á eldsneytisdælum og vinnumáta þeirra
- þekki skolunarkerfi fjór- og tvígengisdísilvéla
- þekki smurólúkerfi og einstaka þætti þess, smuraðferðir, rekstur og viðhald smurkerfa
- þekki ræsingu bulluvéla, þ.m.t. mismunandi ræsiloftskerfi véla og þær reglur sem um þau kerfi gilda
- þekki umhirðu véla og búnaðar í vélarúmi
- þekki varahluti og verkfæri til nota við að vinna við vélbúnað
- þekki reglur um vélbúnað og rafbúnað íslenskra skipa
- geti undirbúið dísilvél fyrir gangsetningu
- geti gangsett hana og sýnt edlileg viðbrögð við algengum gangtruflunum
- geti unnið kerfisbundið að því að finna bilun í vél skips með því að útiloka tilteknar algengar orsakir
- geti gengið frá vél og vélarrúmi eftir stöðvun og gert vélarrúm frostklárt

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

VST204 Vélstjórn

Undanfari: VST103

Áfangalýsing

Í þessum áfanga skal nemandi öðlast þekkingu á helstu véla- og lagnakerfum um borð í skipum að því marki að hann geti dregið upp riss eða teikningar af slíkum kerfum. Hann skal kynnst uppbyggingu og virkni mismunandi vélagerða, þeim íhlutum eða einingum sem brunavél samanstendur af og hlutverki þeirra. Nemandur skulu öðlast nægilega haldgóða þekkingu og færni í notkun véla og vélakerfa að þeir séu færir um að þjóna og stjórna vélbúnaði í smærri skipum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki mismunandi tegundir eldsneytis til nota í skipum, efnasamsetningu og eiginleikum þeirra
- þekki eldsneytisbúnað dísil- og ottovéla ásamt loftaðfærslubúnað miðað við algengustu eldsneytistegundir
- þekki kæliþörf brunavéla og geti útskýrt bæði ytri og innri kælibúnað véla
- þekki ráðstafanir sem grípa má til við eld í sveifarhúsi véla
- þekki algengar aðferðir við aflyfirfærslu frá vél að skrófu og í því sambandi útskýrt mismunandi gerðir og uppbyggingu tengsla (kúplinga), gíra og skipsskrúfa
- þekki hin ýmsu skipskerfi í skipum, hlutverki þessara kerfa, uppbyggingu og einstökum hlutum þeirra, notkun þeirra og viðhald
- þekki mismunandi gerðir gangráða og yfirsúningshraðavarna
- þekki algengar gerðir af vökvavindukerfum og vökvastýrisvélum
- þekki hliðarskrúfur, hlutverk þeirra og virkni
- þekki uppbyggingu stefnirörs, og þéttingar þess við skrófuás
- þekki uppbyggingu skiptiskrúfunnar
- þekki uppbyggingu niðurfærslugíra með og án úttaka og hlutverki þrýstilegu
- þekki fjarstýribúnað sem tengist stjórn á skrófuskurði, snúningshraða vélar og stýri
- þekki gegnumtök fyrir lagnir í gegn um vatnþétt þil skipa
- þekki gegnumtök fyrir lagnir í gegn um þil sem afmarka brunahólf skipsins

Námsmat

Getur byggst á verkefnavinnu, skyndiprófum eða sambærilegum æfingum sem ásamt lokaprófi/lokaverkefni gefa heildarniðurstöðu námsmats.

VIÐAUKI I. SMÁSKIPANÁM

Meginmarkmið

Meginmarkmið námsins er að veita þeim sem hyggjast afla sér réttinda til skipstjórnar á skipum styttri en 12 metrar nægilega haldgóða þekkingu og færni til að þeir geti stjórnað smábát með öruggum hætti við allar raunhæfar aðstæður.

Skipulag námsins

Gert er ráð fyrir að námið fari fram á sérstökum námskeiðum innan fullorðinsfræðslu. Um er að ræða tvo áfanga samkvæmt aðalnámskrá auk styttri námskeiða, samanber neðangreint. Fjöldi kennslustunda á einstökum námskeiðum er lágmarksstundafjöldi til viðmiðunar. Umfang námsins getur tekið breytingum í samræmi við nýjar kröfur sem upp kunna að koma. Nánar er kveðið á um tilhögun námsins í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

Áfangar samkvæmt aðalnámskrá

Siglingafræði og samlíkir	SIG102	2 ein.
Slysavarnir	SLY101	1 ein.

Námskeið

Siglingareglur og sjóréttur	16 kst.
Siglingatæki og fjarskipti	25 kst.
Skipahönnun og vélfræði	6 kst.
Stöðugleiki og skipstjórn	12 kst.
Veðurfræði og umhverfisvernd	7 kst.

Áfangalýsingar

Siglingafræði SIG102

Áfangalýsing

Nám í þessum áfanga á að kynna og veita innsýn í grunnþætti siglingafræðinnar að því marki sem nauðsynlegt er til að skipstjórnarmaður með smábátaréttindi geti með tryggum og öruggum hætti siglt minni skipum við allar raunhæfar umhverfisaðstæður til veiða og milli hafna. Nemendur skulu öðlast nægilega haldgóða þekkingu og færni í siglingafræði til að þeir geti á hverjum tíma gert sér grein fyrir staðsetningu þess skips sem þeir stjórna og nýtt þekkingu sína og þau tæki, sem til staðar eru um borð í minni skipum, til að sigla skipi af öryggi milli áfangastaða. Hluti náms í þessum áfanga fer fram í siglingasamlíki, a.m.k. 8 kennslustundir.

Áfangamarkmið

Nemandi þekki

- helstu hugtök siglingafræðinnar
- bauganet jarðar, breiddar- og lengdarmun og tilurð sjómíllunnar
- og skilji upplýsingar sem lesa má af sjókorti um dýpi, vita og önnur siglingamerki
- þau áhrif sem umhverfið hefur á siglingu skips, s.s. strauma og vind
- notkun áttavita til að finna stefnur og til staðsetningar
- uppbyggingu áttavita, þætti sem hafa áhrif á þá og hvers þurfi að gæta við aflestur þeirra
- straumrastir og hvers ber að varast við siglingar í eða nærri þeim
- orsakir misvísunar og aðferðir til að leiðrétta hana

- orsakir segulskekkju og aðferðir til að leiðrétta áhrif hennar
- gerð og notkun vegmælis
- notkun straumþríhyrninga og notkun þeirra til að leiðrétta vegna áhrifa driftar
- notkun sjómannaalmanaks og notkun flóðtaflna til að finna tíma flóðs og fjöru og flóðhæð
- reglur um færslu dagbókar

Nemandi geti

- notað sjókort í mismunandi mælikvarða, þ.e. mælt upp og sett út stað í sjókort
- notað kompás
- unnið í sjókort og leiðrétt það
- sett út stefnur, miðanir og fjarlægðir í kort til staðsetningar
- mælt vegalengdir í sjókort
- lesið/talið á vitum og öðrum ljósmerkjum
- fundið tíma flóðs og fjöru og flóðhæðir
- gert staðarákvarðanir með jarðlægum athugunum
- sett út staðarlínur í sjókort
- siglt skipi af öryggi til veiða og milli hafna
- notað segulskekkjutöflunar til að leiðrétta stefnu
- notað vegmæli
- reiknað drift
- fært dagbók

Námsmat

Skriflegt (og verklegt) próf í lok áfangans ásamt verkefnum á önninni.

Slysavarnir SLY101

Áfangalýsing

